



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

GLEÐI, GLAUMUR OG GLIMMER

HEIMILDAMYND UM HEIM EUROVISION AÐDÁANDANS

LOKAVERKEFNI TIL MA- PRÓFS

HEIÐUR DÖGG SIGMARSDÓTTIR

FEBRÚAR 2014

ÁGRIP

Greinargerð þessi er hluti af af lokaverkefni mínu í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands og fjallar um vinnsluferli miðlunarhluta verkefnisins og fræðilegra þátta. Miðlunarleiðin sem valin var er heimildarmynd sem hlotið hefur nafnið „Gleði, glaumur og glimmer,“ með undirtitilinn „Aðdáendaheimur Eurovision“. Myndin er um 35 mínútur að lengd og fjallar um menningarheim Eurovision aðdáenda. Greint er frá vinnuferlinu frá upphafi til enda og eru bæði verklegir og fræðilegir þættir teknir fyrir. Heimildamyndin sjálf byggir að mestu leyti á viðtölum við níu einstaklinga sem segja frá reynslu sinni í tengslum við keppnina, en notast er við margvíslegt myndefni til að veita áhorfandanum innsýn inn í heim aðdáendanna.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
Hugmyndin.....	3
Vinnuferlið	4
Undirbúningur	5
Blaðamannapassi	5
Tæki og búnaður.....	6
Gisting og flug.....	7
Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva	8
Saga og þróun keppinnar	8
Breytingar.....	9
Pólítísk áhrif	10
Svíþjóð 2013	10
Tónlistin	13
Vinsældir á heimsvísu	14
Stökkpallur til heimsfrægðar	15
Miðlunarleið	17
Greiningarstíll.....	17
Markhópur	18
Vídeódagbók	18
Menningarleg greining	20
Menningarlegur tilgangur keppinnar.....	20
OGAE aðdáendaklúbburinn	22
Eurovision heimurinn.....	23
Aðdáendur utan Evrópu	24
Sýnileiki á Internetinu	25

Twitter	25
Áhorf	26
Menningarlegt mikilvægi heimildamyndarinnar	27
Ráðstefnan	28
Viðmælendur	29
Tökur og tækni	34
Tökustaðir.....	34
Malmö Massan	34
Malmö Arena.....	34
Euro Club	34
Euro Fan Café.....	35
Malmö University	35
Malmö Opera.....	35
Glasklart	35
Miðbær Malmö.....	35
Vandamál	36
Aðstoð	37
Höfundarréttur og leyfi.....	39
Birtingarréttur.....	39
Tónlist.....	40
Þýðing og textun.....	41
Kostnaður	42
Raunkostnaður.....	42
Fullur kostnaður	43
Lokaorð	46

INNGANGUR

Þessi greinargerð er hluti af lokaverkefni mínu til MA-prófs í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Verkefnið er 35 mínútna löng heimildamynd sem fjallar um menningarheim aðdáenda sem fylgir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, hér eftir ritað sem Eurovision. Vinnsla verkefnisins fór að mestu leyti fram árið 2013, þar á meðal myndatökur sem áttu sér stað í Malmö á meðan keppnin fór fram.

Það verður að viðurkennast strax í upphafi að ég er aðdáandi keppninnar og hef verið það frá blautu barnsbeini. Um tveggja ára aldur var ég strax farin að raula Eurovisionlög eins og „Shir Habatlanim“, betur þekkt sem „Húbba Hülle“, sem var framlag Ísraels árið 1987, og „Sókrates“ sem var framlag Íslands árið 1988. Foreldrar mínir hafa alltaf haldið Eurovisionpartý á aðalkvöldinu og varð ég því fljótt kunnug þeirri íslensku partýhefð sem fylgir keppninni.

Eftir framhaldsskóla hélt ég til Bandaríkjanna í nám. Þar kynntist ég fólki frá öllum heimshornum sem komið var til Bandaríkjanna í sama tilgangi og ég. Auðveldast var þó að tengjast öðrum Evrópubúum og átti Eurovision stóran þátt í því. Í huga sumra Evrópubúa virðist Ísland varla álitid sem hluti af Evrópu sökum fjarlægðar frá meginlandinu. Á þetta sérstaklega við íbúa austur- og suðurhluta Evrópu og áttu sumir Evrópubúar stundum erfitt með að líta á mig sem eina af þeim. En með því að þekkja til tónlistarfólks þeirra og annarra menningarþátta sem ég hafði kynnst í gegnum áhorf á keppnina, var auðvelt að hefja samræður. Með því að nýta hinn sameiginlega Eurovision menningararf tókst mér að eignast marga góða vini.

Þrátt fyrir mikinn áhuga á keppninni geri ég mér þó fulla grein fyrir hinum ýmsu vanköntum hennar. Mun ég í þessari greinargerð gera mitt besta til að greina frá verkefninu og keppninni á faglegan hátt.

Markmiðið með heimildamyndinni er að gefa áhorfendum innsýn inn í heim Eurovision aðdáandans í kringum keppnina. Ég reyni að svara spurningum eins og af hverju fólk aðhyllist keppnina, hvert er menningarlegt gildi keppninnar, hvernig fólk er þetta og hvaðan kemur það, er munur á aðdáendum, hvernig upplifun er það að vera viðstaddur keppnina, hefur staðsetning keppninnar áhrif o.+fl. Til þess að svara þessum spurningum notaðist ég við viðtöl við fjölbreyttan hóp viðmælenda.

Hér í greinargerðinni mun ég segja frá sögu og þróun keppinnar, sýna fram á menningarlegan tilgang hennar og mikilvægi fyrir Evrópu. Aðdáendaumhverfið og menningin í kring er einnig útskýrð enda er það meginuppistaða verkefnisins.

Faglegir þættir sem tengjast verklegum þætti verkefnisins eru einnig útlistaðir en þar má nefna tækjabúnað sem notast var við, vandamál við tükur og kostnað. Ég fjalla einnig um miðlunarleiðina sem ég valdi sem og greiningu á heimildamyndinni. Í þessu verkefni skipta höfundarréttarmál einnig miklu máli og er fjallað um þau í sérkafla.

HUGMYNDIN

Eins og áður hefur komið fram hef ég lengi verið aðdáandi Eurovision. Löngunin til að gera eitthvað í tengslum við keppnina hafði blundað lengi í mér og tækifærið kom loksins veturinn 2012-2013 þegar ég hóf nám við hagnýta menningarmiðlun í Háskóla Íslands. Í nóvember 2012 fjárfesti ég í miðum á Eurovision 2013 í gegnum FÁSES (Félag áhugafólks um söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva), svokallaða aðdáendamiða sem veita aðgang að báðum forkeppnunum, úrslitakvöldinu og dómara rennsli fyrir öll þrjú kvöldin. Stuttu eftir það hófst hugmyndavinnan.

Helsta fyrirstaðan sem ég fann fyrir var í tengslum við útfærsluna á myndinni. Eurovision er vinsælt sjónvarpsefni sem þýðir að mikið af efni í tengslum við keppnina hefur verið framleitt oft áður, þá sérstaklega efni sem snýst um pólitíkina í keppninni á einhvern hátt. Hinsvegar tók ég eftir því að ekki var mikið fjallað um aðdáendur keppinnar annað en sýnt er frá litríkum karakterum veifandi fánum og þeir spurðir hvaða lag muni sigra. Þar sem ég er sjálf aðdáandi keppinnar og þekki vel til hennar vissi ég að aðdáendurnir eru gríðarlega mikilvægur hluti keppinnar. Einnig gerði ég mér fljótt grein fyrir því að aðrir áhorfendur keppinnar sem ekki hafa tök á að vera viðstaddir keppnina hafa mikinn áhuga á að komast nánar að því hvað hinn umtalaði „Eurovision heimur“ (e. Eurovision bubble) felur í sér. Hvernig tilfinning það er að fá tækifæri til að skemmta sér í partýum með öðrum aðdáendum, keppendum og aðstandendum keppinnar, hitta keppendurna og taka myndir af sér með þeim o.fl. Með þessar upplýsingar í farteskinu taldi ég mig hafa dottið niður á góða hugmynd.

VINNUFERLIÐ

Eftir að ég var komin með útfærða hugmynd að verkefni fyllti ég út verkáætlun sem ég skilaði inn í enda janúar eftir töluverða umhugsun um fókuspunkta og áherslur. Í febrúar fékk ég verkáætlunina samþykkt og hófst þá vinnan fyrir alvöru enda margt sem þurfti að gera og græja fyrir brottför til Malmö.

Í febrúar gekk ég frá flugi og gistingu en ég fékk að gista frítt hjá Íslendingum búsettum úti. Nánar um þetta í undirbúningskafla.

Eitt það allra mikilvægasta sem ég þurfti að ganga frá fyrirfram var aðgangspassi inn á helstu viðburðina sem eiga sér stað þær tvær vikur sem Eurovision tímabilið er. Til þess þurfti ég að fara í gegnum umsóknarferli sem er betur lýst í smáatriðum í undirbúningskaflanum.

Í mars og apríl fer ég svo á undirbúningsfundi í tengslum við verkefni tengdu blaðamannapassanum. Þá fer ég einnig að hafa samband við aðila sem ég vildi taka viðtöl við þegar ég kæmi út til Malmö. Á þessu tímabili hafði ég samband við Ola Melzig, tæknistjóra keppinnar en þar sem hann er mjög upptekinn maður þessar tvær keppnisvikur vildi ég tryggja mér viðtalstíma með honum. Það var auðsótt þar sem ég hafði samband með góðum fyrirvara. Einnig hafði ég samband við aðdáendaklúbbinn OGAE International, í von um að fá viðtal með Maiken Mäemets, forseta klúbbsins, Andreas Önnersfors, stjórnanda Eurovision ráðstefnunnar, William Lee Adams hjá wiwibloggs ásamt fleirum.

Í maí fór keppnin sjálf fram og allar upptökur sömuleiðis.

Um sumarið í júní, júlí og ágúst var farið yfir mynd- og hljóðupptökur, efnið flokkað og ákveðið hvað væri nothæft og hvað ekki.

Þýðing á viðtölum og textagerð hófst í ágúst og lauk í janúar.

September 2013 hefst svo vinna á greinargerðinni sem staðið hefur yfir til janúar 2014. Byrjað er að klippa saman viðtöl fyrir myndina.

Í október er áframhaldandi greinargerðarvinnsla. Einnig er útbúin stutt einnar og hálftrar mínútu löng kítla úr heimildamyndinni til að sýna á kynningu fyrir kennara og nema í lokaverkefni HMM.

Áframhaldandi greinargerðar- og myndvinnsla fór fram í nóvember og desember.

UNDIRBÚNINGUR

Undirbúningur fyrir verkefnið hófst í raun í nóvember 2012 með fjárfestingu á miðum á Eurovision keppnina í Svíþjóð 2013. Ýmislegt annað fylgdi í kjölfarið, svo sem passamál, tæknimál, flug og gisting.

BLAÐAMANNAPASSI

Eins og kom fram í ferliskaflanum hér að framan, þá þurfti ég að gangast undir umsóknarferli til að geta eignast passa inn á Eurovision svæðið. Til þess hafði ég samband við starfsmann Eurovision hjá EBU (European Broadcasting Union) sem tilkynnti mér að þar sem ég væri að vinna að lokaverkefni sem gildir til háskólagráðu að þá ætti ég rétt á að fá aðdáendapassa svokallaðan (F passa) í gegnum EBU. Aðdáendapassinn veitir aðgang að ákveðnu aðdáendasvæði innan í blaðamannahöllinni, aðgangi að blaðamannafundum, aðgangi inn á opinbera Euroklúbbinn, sérstöku aðdáendasvæði við rauða dregilinn á opnunarkvöldinu, aðgangi að kosningu OGAE klúbbsins (opinber aðdáendaklúbbur Eurovision) og í þokkabót ákvað Malmöborg að bjóða öllum passaeigendum upp á fríar samgöngur innan Skánarsvæðisins.

Aðdáendapassinn er mjög veglegur passi sem hleypir hinum almenna aðdáanda mjög nálægt keppendum og aðstandendum. Hinsvegar er blaðamannapassinn (P passi) enn veglegri og veitir aðgang að öllu því sem aðdáendapassinn veitir aðgang að, ásamt því að veita aðgang að vinnuáðstöðu innan í blaðamannahöllinni. Hver einasti blaðamaður fær einnig sitt eigið pósthólf, sem kallað er dúfnahola (e. Pidgeon hole). Í pósthólfið fær blaðamaðurinn upplýsingabækling um hvern einasta keppanda ásamt hinum ýmsa varning sem fjölmiðlateymi hvers lands vill koma áfram til að styrkja stöðu síns lands. Þessi varningur getur verið allt frá bókamerkjum yfir í póstkort, geisladiska, boli og töskur tengdum hverju keppnislandi fyrir sig. Í gegnum pósthólfið sitt er svo hægt að hafa samband við fjölmiðlatengla landanna til að óska eftir viðtali við keppendur eða nánari upplýsingar.

Miðað við aðdáendapassann hleypir blaðamannapassinn fólki mun nær aðstandendum og keppendum, ásamt því að aðili með P passa er álitinn trúverðugri en aðili með F passa. Þar af leiðandi taldi ég réttast að reyna að eignast P passa, þó ekki væri nema fyrir ómetanlega vinnuáðstöðu innan í blaðamannahöllinni. Til þess að fá ráðleggingar um hvernig best væri fyrir mig að eignast blaðamannapassa hafði ég samband við Valgeir Magnússon sem er

umboðsmaður Eyþórs Inga, keppanda Íslands þetta árið og hefur farið nokkrum sinnum áður út í keppnina. Í gegnum Valgeir kynntist ég tveimur drengjum, þeim Davíð Lúther Sigurðarsyni og Eiríki Hafdal en þeir starfa hjá viðburðafyrirtækinu Silent og voru á leið út til Malmö að taka upp viðtöl og skemmtiefni fyrir vísi.is. Eftir nokkra fundi í mars og apríl mánuði var svo ákveðið að ég myndi aðstoða þá með verkefnið úti í Malmö og gekk það samstarf mjög vel. Ég fyllti út sérstaka umsókn á netinu og óskaði eftir P passa sem hluti af teyminu með strákunum. Valgeir hafði svo samband við Jónatan Garðarsson, liðsstjóra íslenska Eurovision hópsins hjá RÚV, sem samþykkti umsóknina og var ég þá komin með P passa skráðan á vísi.is.

TÆKI OG BÚNAÐUR

Ég þurfti snemma að huga að því hvers konar búnað ég ætlaði að taka með mér til Malmö. Ég var ekki með aðstoðarmanneskju með mér svo þetta þurfti að vera búnaður sem ég gat sjálf ferðast auðveldlega með. Ég þurfti að ferðast daglega með hjólum, lestum, strætisvögnum og fótgangandi út um allt og því þurfti að vanda valið vel. Ég hafði upprunalega samband við tækjaleigur SagaFilm og Nýherja og spurðist fyrir um hverju starfsmennirnir þar mæltu með. Upprunalega hafði ég talið að ég þyrfti að taka með mér upptökuvél að svipaðri gerð og Sony XDCAM vélnar. Þeir mæltu vissulega með slíkum vélum en bentu einnig á að ég gæti notast við mun minni vélar, svo sem Canon 550D. Slíkar vélar væru orðnar mjög fullkomnar og góðar í dag, taka upp í HD og eru mjög léttar og meðfærilegar. Þar sem bróðir minn er eigandi Canon 650D vélar fékk ég staðfestingu frá sérfræðingunum hjá SagaFilm og Nýherja að sú vél væri gott val fyrir verkefnið mitt.

Þeir ráðlögðu mér að fjárfesta í utanáliggjandi hljóðnemum þar sem Canon vélin væri ekki mjög sterk á því sviði. Einnig mælti annar þeirra með Canon 50mm linsunni sem hann sagði að væri skemmtileg þegar taka ætti upp mannfjölda, sbr. partý og viðburði.

Samkvæmt þessum ráðleggingum fór ég og fjárfesti í Canon 50mm linsu í Reykjavík Foto þar sem þær eru ódýrastar. Þar keypti ég einnig tvö minniskort fyrir myndavélina svo ég ætti alltaf nóg pláss fyrir efni. Því næst fór ég í Beco og fjárfesti í hljóðupptökutæki til að nota sem varahljóð ef upprunalega hljóðið skyldi detta út. Þar fjárfesti ég einnig í mjög veglegum Röde lavalier hnapp hljóðnema til að smella í föt fólks. Kostnaður vegna þessara fjárfestinga má sjá í kostnaðar kaflanum síðar í greinargerðinni.

Annar búnaður sem ég notaðist við var fenginn að láni hjá vinum og fjölskyldu.

GISTING OG FLUG

Gisting er stærsti útgjaldaliðurinn í svona ferð þar sem mikil eftirspurn er eftir gistirými í tengslum við viðburði af þessari stærð. EBU bauð upp á sérstök kjör á ákveðnum hótelum gegn framvísun þátttöku eða blaðamannapassa. Þrátt fyrir það var gistirýmið samt dýrt og mikil samkeppni um ódýrustu herbergin. Sökum kostnaðar á hótelum leitaði ég til Sverris Einarssonar og eiginkonu hans Þóru Kristiansen en þau eru íslensk hjón sem búa í smábænum Hjärup í nágrenni Malmö. Þau hafa verið iðin við að leyfa Íslendingum að gista hjá sér í gegnum tíðina og buðu mig hjartanlega velkomna til sín yfir keppnistímabilið. Eftir úrslit Söngvakeppni Sjónvarpsins í febrúar, tilkynnti Sverrir að hann væri annar af tveimur íslensku gestgjöfunum í Malmö og myndi vera íslenska hópnum innan handar yfir keppnina. Þetta gerði heimilið þeirra að einstaklega vel heppnuðum gististað fyrir mig.

Ég keypti svo flugið þann 13. febrúar þegar sérstakt nettilboð var í gangi á heimasíðu Icelandair til London og Kaupmannahafnar. Ég nýtti mér tækifærið og keypti flug fram og tilbaka frá Kastrup flugvelli í Kaupmannahöfn á 32.000 kr. með flugvallasköttum og gjöldum. Þetta reyndist góð ákvörðun þar sem slíkt tilboð birtist ekki aftur fyrr en eftir keppnina.

SÖNGVAKEPPNI EVRÓPSKRA SJÓNVARPSSTÖÐVA

SAGA OG ÞRÓUN KEPPNINNAR

Árið 1950 var Evrópa á viðkvæmum stað eftir átök seinni heimsstyrjaldarinnar og mikil tortryggni ríkti á milli þjóða sem höfðu verið sitthvoru megin víglínunnar í stríðinu. Í kjölfar háværra radda um nauðsyn þess að styrkja evrópska menningu í stað niðurbrots komu fulltrúar 23 sjónvarpsstöðva í vestur- og mið-Evrópu saman til að stofna hið nýja Samband evrópskra sjónvarpsstöðva (e. European Broadcasting Union (EBU)).¹ Árið 1955 var svo haldinn fundur til að leita leiða til þess að efla traust og samgang Evrópuþjóða. Formaður dagskrárdeildar EBU, Frakkinn Marcel Bezencon kom þá með hugmynd að söngvakeppni þar sem þátttökupjóðir myndu senda fulltrúa til að keppa fyrir sína hönd í söngvakeppninni. Bezencon var mikill aðdáandi ítölsku tónlistarkeppninnar San Remo og var nýja keppnin að mörgu leyti byggð á þeirri ítölsku.² Úr varð Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva eða Le Grand-Prix Eurovision de la Chanson Européenne, betur þekkt og stýtt í Eurovision.

Verkefnið þótti mjög metnaðarfullt og var notast við nýjustu tæknina sem var í boði á þessum tíma enda ekki auðvelt að senda út efni beint í mörgum löndum á sama tíma. Gervihnettir voru enn ekki komnir upp í háloftin og var því notast við örbylgjur í útsendingu. Síðan þá hefur EBU lagt mikla áherslu á að keppnin sé eins hátæknivædd og mögulegt þykir og hún verið leiðandi í notkun ýmissa tækninýjunga, s.s. símakosningu, chroma key notkun, LED skjánotkun, clay paky ljóskastara og þrívíddar myndvarpa. Í dag þykir keppnin vera einn besti tæknilega uppsetti sjónvarpsviðburður heims og er fylgst grannt með af sjónvarpsframleiðendum.

Fyrsta keppnin fór fram 24. maí árið 1956 í Lugano í Sviss. Sjö þjóðir tóku þátt; Ítalía, Belgía, Lúxemborg, Sviss, Holland, Vestur-Þýskaland og Frakkland. Söngkonan Lys Assia fór með sigur af hólmi fyrir hönd Svisslendinga. Árið eftir voru þátttakendaþjóðirnar orðnar tíu og áratug seinna voru þær orðnar átján. Næstu tvo áratugi voru þátttökupjóðir á milli 16-20 og almennt þóttu framkvæmd og úrslit keppninnar góð. Tvö umdeild atvik áttu sér þó stað á þessum tíma, annað árið 1968 þegar Spánn sigraði í fyrsta sinn með lagið „La la la“ en einræðisherrann Francisco Franco var talinn hafa keypt atkvæði fyrir Spán. Seinna skiptið

¹ Karen Fricker.

² Vefur: Eurovision Song Contest history.

gerðist ári seinna, þegar fjögur lönd urðu jöfn í fyrsta sæti; Bretland, Spánn, Holland og Frakkland. Í framhaldinu var kosningareglum breytt og sett regla um jafntefli.³

BREYTINGAR

Upp úr miðjum níunda áratugnum og í upphafi þess tíunda byrjaði þátttökuþjóðum að fjölga mjög hratt, meðal annars í kjölfarið á breyttu pólitísku landslagi innan Evrópu. Sovétríkin liðu undir lok árið 1991 og Júgóslavía sömuleiðis árið 1992. Í framhaldinu urðu til margar smærri þjóðir sem áttu eftir að sækja um þátttökurétt í keppninni á næstu árum.

Þrátt fyrir aukinn áhuga nýrra þjóða á keppninni var áhuginn að dvína á meðal þeirra þjóða sem lengi höfðu tekið þátt. Umhverfi keppinnar var að breytast með innkomu Austur-Evrópuþjóðanna sem lengi höfðu beðið eftir að fá að vera með. Vestur-Evrópuþjóðirnar voru sumar ósáttar með þetta breytta umhverfi og áhorf á keppnina minnkaði meðal þeirra. Háværar raddir heyrðust um að keppnin væri að úrelost, pólitískt spillt og mikil óánægja var með stigakerfið þar sem eingöngu dómnefndir höfðu kosningarétt. Ýmislegt var gert til að hrista upp í keppninni, sérstaklega í stigakerfinu þar sem dómnefndirnar voru lagðar niður árið 1998 og símakosning alfarið tekin upp í staðinn eftir vel heppnaðar tilraunir með símakosningu árið 1997. Árið 1999 var hljómsveitin sem hafði spilað lifandi tónlist undir söngflutning frá upphafi keppinnar fjarlægð og hefur allt undirspil verið spilað rafrænt síðan þá.⁴ Einnig var reglunni um að keppendur yrðu að flytja lag á móðurmáli sínu breytt sama ár, enda höfðu Írland og Bretland haft töluverða tungumálayfirburði og voru sigursælustu þjóðir keppinnar.⁵

Áhugi og áhorfendatölur hækkuðu upp úr aldamótunum 2000 og árið 2003 var metþátttaka í keppninni þegar fulltrúar 26 þjóða stigu á svið í Riga í Lettlandi. Hinsvegar vildu enn fleiri þjóðir taka þátt og fór svo að henni var breytt árið 2004 og sérstök undanúrslitakeppni var stofnuð sem var haldin þremur dögum fyrir aðalkeppnina. Allar 50 aðildarþjóðir EBU gátu nú skráð sig til þátttöku í söngvakeppninni og 36 tóku þátt. Fyrirkomulagið var að þær tíu þjóðir sem höfðu staðið sig best í keppninni 2003 komust sjálfkrafa í aðalkeppnina ásamt Frakklandi, Bretlandi, Þýskalandi og Spáni (stóru löndin fjögur) sem eiga fast sæti í úrslitum vegna hærri þátttökugjalda. Hinar þjóðirnar þurftu að keppa sín á milli í undankeppninni um

³ Vefur: Eurovision Song Contest statistics.

⁴ Vefur: Eurovision →1999.

⁵ Vefur: Eurovision Times.

tíu laus pláss í aðalkeppninni. Fyrirkomulagið þótti gefa öllum þjóðum tækifæri sem vildu vera með í keppninni.⁶

Fyrirkomulag söngvakeppninnar hélst eins frá 2004 til 2007 en vegna fjölda þátttakenda árið 2008 þegar 43 þjóðir voru með, var ákveðið að skipta undanúrslitunum á tvö kvöld, þar sem tíu þjóðir kæmust áfram í aðalkeppnina á hvoru kvöldi. Stóru löndin ásamt sigurvegara fyrra árs fóru áfram sjálfkrafa í aðalkeppnina en öll önnur lönd þurftu nú að keppa í undanúrslitum. Árið 2009 var gerð tilraun til að byrja aftur með dómnefndirnar í úrslitum þar sem vægi þeirra var 50% á móti 50% símakosningu áhorfenda. Í undanúrslitum var þó enn 100% símakosning. Árið 2010 var ákveðið að bæði í undan- og úrslitakeppni yrði vægi dómnefnda og símakosningar 50% á móti 50%. Þetta fyrirkomulag er enn við lýði þegar þessi orð eru skrifuð.⁷

PÓLITÍSK ÁHRIF

Helsti akkilesarhæll keppninnar hefur alltaf verið pólitíkin. Hvort sem það eru breytingar á vali fulltrúa eða lagi, þátttaka þjóðar utan Evrópu (Ísrael, Marokkó, Azerbaidjan) leyfð vegna þess að hún er aðili að EBU, eða mútur fyrir símaatkvæði og til dómnefndarmeðlima⁸, hafa ásakanirnar verið margar í gegnum áratugina.⁹ Stærsta ásökunarefnið hefur þó verið nágrannakosningin svokallaða þar sem nágrannaþjóðir kjósa hvor aðra fram yfir aðra þátttakendur burt séð frá gæðum laga. Nágrannakosningin hefur verið við lýði í langan tíma en ásökunin náði nýjum hæðum eftir að símakosning var tekin upp og margar kvartanir yfir norrænum, balkönskum og austur-evrópskum þjóðum sem þykja full gjafmildar í garð nágranna sinna. EBU hefur þó alltaf gefið út að keppnin sé ekki pólitísk¹⁰ og geri sitt besta til að koma í veg fyrir alla spillingu. Fræðimönnum hefur þó tekist að sanna að nágrannakosning sé í langflestum tilfellum ekki pólitísk heldur byggir meira á sameiginlegum menningararfi milli þjóða og skyldra tungumála.¹¹ Þessi greinargerð mun þó ekki fara nánar út í þau mál.

SVÍÐJÓÐ 2013

⁶ Vefur: Eurovision → Changes.

⁷ Eurovision Song Contest rules 2013.

⁸ Vefur: Loulla-Mae Eleftheriou-Smith, *The Independent*, 2013.

⁹ Vefur: Milana Knezevic, *Index on Censorship*, 2013.

¹⁰ Vefur: Sietse Bakker, *Eurovision News*, 2008.

¹¹ Victor Ginsburg & Noury, 2006.

Eurovision 2012 var haldin í maí í Kristalshöllinni í Bakú, höfuðborg Azerbaidjan. Sænska söngkonan Loreen sigraði með laginu „Euphoria“. Þar með fékk Svíþjóð í fimmta sinn hlutverk gestgjafa í keppninni sem fara myndi fram í maí 2013 og ljóst að sænska ríkissjónvarpið SVT myndi sjá um framkvæmdina. Svíar voru almennt ánægðir með sigurinn og laginu „Euphoria“ gekk vel í spilun um alla Evrópu og náði víða toppsætum á vinsældalistum.¹²

Strax eftir keppnina byrjuðu miklar vangaveltur í fjölmiðlum um hvaða sænska borg fengi að halda keppnina og voru Stokkhólmur, Gautaborg og Malmö nefndar.¹³ Í öllum borgunum var reynsla af því að halda Eurovision og nægilega stór mannvirki til að hýsa keppnina. Í upphafi þótti Stokkhólmur líklegust til að verða valin, en áætlað var að heimsmeistaramót karla í íshokki færi fram á sama tíma í borginni. Heimsmeistaramótið var búið að bóka nýju Friends Arena höllina sem tekur 50,000 manns. Það þýddi að aðeins Globen höllin var eftir í borginni en það er sama höll og var notuð árið 2000. Með heimsmeistaramótið þegar bókað í borginni þýddi það færri laus hótelplass fyrir Eurovision gesti.

Að lokum fór svo að Malmö var valin en hún þótti bera af Gautaborg í tengslum við almenningssamgöngur og hótelrymi. Nálægðin við Kaupmannahöfn og Kastrup flugvöll hjálpuðu einnig til. Malmö bauð upp á keppnishöllina Malmö Arena¹⁴ sem gat tekið allt að 15.500 áhorfendur og aðra stóra samliggjandi viðburðahöll Malmö Massan, þar sem keppendaaðstaða, blaðamannaaðstaða, aðdáendaaðstaða, mötuneyti og þjónusta var til staðar.

Keppnin í Svíþjóð var sú 58. í röðinni og fór fram dagana 14.-18. maí, með undanúrslitakvöldum á þriðjudeginum 14. og fimmtudeginum 16. maí. Úrslitakvöldið var svo laugardaginn 18. maí. Á meðal hörðustu aðdáenda keppinnar er talað um að formlegt Eurovision-tímabil hefjist á fyrsta degi æfinga sem þetta árið hófust 6. maí með æfingum og blaðamannafundum fyrstu átta þjóða í fyrri undanúrslitum. Keppnin 2013 var því í augum aðdáenda tveggja vikna löng.¹⁵

Keppnisþjóðir í Malmö voru 39 sem var fækkun frá fyrra ári þegar 43 þjóðir tóku þátt. Helsta ástæða fækkunarinnar var efnahagskreppan sem hrjáir Evrópu um þessar mundir en ríkissjónvarpsstöðvarnar í Portúgal, Bosníu-Hersegóvínu, Póllandi og Slóvakíu sáu ekki fram

¹² Vefur: Simon Storvik-Green, *Eurovision News*, 2012.

¹³ Vefur: Riku Ranta, *Esc Webs*, 2012.

¹⁴ Vefur: Eurovision → Malmö.

¹⁵ Vefur: Helen Fawkes, *BBC*, 2008.

á nægt fjármagn fyrir þátttöku. Tyrkland dró sig einnig úr keppninni vegna óánægju með kosningafyrirkomulagið og stofnuðu sína eigin keppni Turkvision í staðinn sem verður haldin í fyrsta skipti árið 2014.¹⁶ Þrátt fyrir að hafa ekki sent keppnisfulltrúa þetta árið sýndu þessar þjóðir samt sem áður frá 2013 keppninni í sjónvarpi.

Vegna fjárhagsörðugleika margra Evrópuþjóða var ákveðið að keppnin árið 2013 yrði smærri í sniðum en sú sem fór fram í Bakú árið áður, sem var sú dýrasta til þessa. Malmö Arena höllin tekur mun færri í sæti en Kristalshöllin í Bakú og vildu framkvæmdastjórar keppninnar nýta stærðina til að skapa meiri nánd milli áhorfenda í sal og keppenda á sviði. Með hagkvæmari sviðs- og tæknigræjum, tókst einnig að halda rekstrarkostnaði og þátttökukostnaði niðri.¹⁷

Sigurvegari keppninnar varð hin danska Emmelie de Forest með lagið „Only Teardrops“. Þetta var í annað skiptið í röð sem Danmörk sigrar keppnina í Svíþjóð en hið sama gerðist þegar Svíar héldu keppnina árið 2000, þá sigruðu hinir dönsku Olsen bræður með lagið „Fly on the wings of love“. Danir hafa tilkynnt að 59. útgáfa keppninnar muni fara fram í Kaupmannahöfn í maí 2014.

¹⁶ Vefur: Hulluna, *Eurovision Times*, 2013.

¹⁷ Vefur: Steef Van-Gorkum, *ESC Daily*, 2013.

TÓNLISTIN

Tónlist er mjög huglægt fyrirbæri þar sem sitt sýnist hverjum. Söngva og lagakeppnir á borð við Eurovision hafa oft legið undir gagnrýni fyrir bæði gæði, fyrirkomulag og jafnvel sigurvegara. Slík gagnrýni á oft rétt á sér og er nauðsynleg til að viðhalda samfélagslegri sátt um keppni af þessu tagi. Eurovision hefur tekist að lifa af gagnrýnisraddirnar og eru lögin sjálf stór hluti af velgengni keppinnar.

Vinsældir keppinnar eru beintengdar vinsældum laganna í heimalöndum sínum, sem og vinsældum einstaka laga á heimsvísu. Ef framlag lands verður vinsælt heima fyrir, eykur það áhuga á keppninni sem skilar sér í meira áhorfi og sýnileika á keppniskvöldum. Lendi lagið ofarlega í lokakeppninni, styrkir það enn betur vinsældir keppinnar í því landi, ásamt því að styrkja undankeppni landsins (sé hún til staðar) og væntanlegt framlag landsins í keppninni á komandi ári.

Ef framlagið hlýtur hinsvegar ekki náð fyrir augum Evrópubúa þarf það ekki að þýða minnkandi áhuga og áhorf á keppnina ef lagið heldur áfram að vera vinsælt í heimalandi sínu. Ef farið er yfir íslensku framlögin eru „Nína“ með Stebba og Eyfa (1990) og „Til hamingju Ísland“ með Silvíu Nótt (2006) góð dæmi um lög sem héldu vinsældum sínum meðal íslensks almennings þrátt fyrir slæm úrslit í Eurovision. Svona vinsældir virðast sérstaklega eiga við lönd úr Norður- og Austur-Evrópu þar sem þjóðirnar missa ekki áhugann á framlagi sínu burtséð frá úrslitum.

Í löndum með vinsæla undankeppni er einnig algengt að lög sem töpuðu, verða einnig vinsæl á meðal almennings. Þarna er Svíþjóð með undankeppnina sína Melodifestivalen í algerum sérflokkum en keppnin er stærsta og vinsælasta sjónvarpsefni sem ríkissjónvarpsstöðin SVT framleiðir og er vinsælli en Eurovision sjálft.¹⁸

Val á Eurovision flytjanda er þó ekki alls staðar vinsælt sjónvarpsefni en hjá BBC í Bretlandi hefur keppnin verið hálfgezt vandamál síðasta áratuginn. Lélegt gengi þjóðarinnar árið 2003 þegar Bretar hlutu núll stig og voru langneðstir virðist hafa skapað neikvætt umhverfi fyrir tónlistarfólk sem vill ekki lengur taka þátt í keppninni. Sífelldar breytingar á undankeppninni

¹⁸ Vefur: Stina Backer, *CNN*, 2012.

urðu þess valdandi að hún var tekin af dagskrá og áhugi almennings á keppninni hrundi í kjölfarið.¹⁹

Með tilkomu allskyns raunveruleikasjónvarps og vinsælla þátta á borð við Idol, The Voice og X Factor hefur Eurovision hlotið aukið vægi á heimsvísu og hjá aðdáendum slíkra þátta. Algengt er að evrópskir keppendur úr þessum raunveruleikabáttum taki að lokum þátt í Eurovision, eða geri allavega tilraun til þess og því hægt að líta á raunveruleikabættina sem einskonar undanfara fyrir stærri keppni sem er Eurovision. Keppendur utan Evrópu hafa einnig verið duglegir við að velja Eurovision lög til að syngja í þáttunum, sérstaklega í Ástralíu og Asíu.

VINSÆLDIR Á HEIMSVÍSU

Lög og flytjendur sem ná vinsældum á heimsvísu spila stóran þátt í velgengi Eurovision. Árið 1958 varð ítalska lagið „Nel blu dipinto di blu“, sungið af Domenico Modugno í 3. sæti. Það lag er mun þekktara undir nafninu „Volare“ og er eitt vinsælasta lagið úr Eurovision. Þrátt fyrir að hafa ekki náð að sigra keppnina, tókst laginu að fara í efsta sæti vinsældalista um alla Evrópu og á Billboard listanum í Bandaríkjunum í kjölfar keppinnar. Ef allar útgáfur lagsins eru teknar saman, er lagið vinsælasta og söluhæsta ítalska lag tónlistarsögunnar.²⁰ Lagið er einnig eina Eurovision lagið sem unnið hefur Grammy verðlaun. Söngvarar á borð við Dean Martin, David Bowie, Frank Sinatra, Louis Armstrong og Luciano Pavarotti hafa tekið það upp á arma sína og búið til ábreiðuútgáfur. Vinsælasta útgáfan hér á Íslandi síðustu ár hlýtur þó að teljast sú sem Gypsi Kings gáfu frá sér árið 1989 en hún er enn reglulega spiluð á útvarpsstöðvum.

Annað lag sem hefur hlotið vinsældir á heimsvísu er lagið „L'amour Est Bleu“ sem Lúxemborg keppti með árið 1967. Lagið söng Vicky Leandros og endaði í 4. sæti. Stuttu síðar kom út ný útgáfa af laginu með Paul Mauriat og hljómsveit. Sú útgáfa varð mun vinsælli en útgáfan með Vicky Leandros og fór ofarlega á vinsældalista um alla Evrópu ásamt því að sitja í toppsæti Bandaríska Billboard listans í 5 vikur samfleytt. Útgáfan hans Paul hefur reynst mun lífseigari en sú upprunalega og er enn í dag notuð í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum.

¹⁹ Vefur: Fraser Nelson, *The Spectator*, 2013.

²⁰ Vefur: *RAI International*.

Kannski átti Vicky erfitt með að setta sig við að útgáfan hennar sló ekki jafnvel í gegn og útgáfan hans Paul, því árið 2011 kom út ný og endurbætt útgáfa af laginu „L'amour Est Bleu“ með Vicky Leandros og þýsku rafhljómsveitinni Scooter. Lagið náði ekki vinsældum Pauls en vakti athygli fyrir að vera endurgerð á gömlu klassísku Eurovision lagi. Fleiri tónlistargersemar frá fyrri tíð keppinnar hafa fengið nýjan búning á síðustu árum og í kjölfarið hlotið nýja yngri aðdáendur.

STÖKKPALLUR TIL HEIMSFRÆGÐAR

Fjölmarginir flytjendur hafa tekið þátt í keppninni frá upphafi, sumir óþekktir og aðrir velþekktar stjórnur í heimalöndum sínum. Í sumum tilfellum hefur keppnin verið stökkpallur til heimsfrægðar fyrir þátttakendurna.

Hljómsveitin ABBA kom sá og sigraði árið 1974 með lagið sitt „Waterloo“ og fóru strax í efstu sæti vinsældarlista um allan heim. Sveitin gaf út fjölmargar plötur í kjölfarið. ABBA er ein vinsælasta popphljómsveit allra tíma.

Árið 1988 var það hin unga Celine Dion sem greip hjörtu Evrópubúa með laginu „Ne Partez Pas Sans Moi“. Celine sem er kanadísk var óþekkt í tónlistarheiminum en það breyttist allt eftir þátttöku í keppninni og er hún nú ein ástsælasta söngkona heims.

Árið 2006 tók Dima Bilan þátt í Eurovision fyrir hönd Rússlands. Hann lenti í öðru sæti það árið og varð í kjölfarið mjög vinsæll í heimalandi sínu. Tveimur árum seinna, árið 2008, tók hann aftur þátt í keppninni og sigraði. Í framhaldinu jukust vinsældir hans margfalt og stofnað til samstarfs með öðrum heimsþekktum tónlistarmönnum á borð við Anastaciu og Nelly Furtado. Í dag er hann stærsta poppstjarnan í hinum rússneskumælandi heimi og hefur unnið til fleiri tuga tónlistarverðlauna.

Loreen frá Svíþjóð sigraði keppnina árið 2012 með lagið sitt „Euphoria“ sem varð gríðarlega vinsælt um alla Evrópu og fór í efsta sætið í 18 löndum. Lagið er vinsælasta lag keppinnar síðustu ára og hefur nú verið gefið út í Norður-Ameríku, Japan og Ástralíu. Hún gaf út plötu í kjölfarið sem hefur verið vel tekið og er Loreen nú eftirsóttur tónlistarmaður sem hefur birst á tónleikum og sjónvarpsþáttum um alla Evrópu og Ástralíu. Hún hefur hlotið mörg verðlaun og tilnefningar, þar á meðal tvisvar til World Music Awards.

Önnur söngkona með bjarta framtíð eftir þátttöku í Eurovision er Hera Björk frá Íslandi. Hún tók þátt í keppninni árið 2010 en endaði í 19. sæti. Hún eignaðist þó stóran og virkan

aðdáendahóp og hefur sungið á fjölda tónleika um alla Evrópu og gefið út plötu á Möltu. Árið 2013 tókst henni hinsvegar að sigra tónlistarkeppnina Vina del Mar í Chile, sem er ekki svo ólík Eurovision, en aðstandendur keppinnar buðu henni til þátttöku eftir að hafa séð Eurovision atriðið hennar. Í framhaldinu hefur risastór markaður opnast í Suður-Ameríku og því líklegt að stjarna Heru Bjarkar muni skína skærar í framtíðinni.²¹

Fjöldmargir aðrir keppendur hafa einnig hlotið gífurlegar vinsældir í heimalöndum og nágrannalöndum eftir þáttöku í Eurovision þrátt fyrir að vinsældirnar nái ekki út fyrir Evrópu. Þarna eru tónlistarfólk á borð við Sakis Rouvas, stærstu poppstjörnu Grikklands, Zeljko Joksimovic, stórstjörnu á Balkanskaganum, Eric Saade og Robin Stjernberg poppkónga í Svíþjóð og Jóhanna Guðrún sem hefur notið mikilla vinsælda á Norðurlöndunum.

Velgengni þessara keppenda og annarra út fyrir landamæri heimalands þeirra sýna fram á að keppnin er heppilegur vettvangur fyrir tónlistarfólk til að sýna hæfileika sína. Eurovision keppnin er þannig bæði vinsælt sjónvarpsefni fyrir áhorfendur, sem og gullið tækifæri fyrir keppendur til að koma sér á framfæri annars staðar í heiminum.

²¹ Vefur: Simon Storvik-Green, *Eurovision News*, 2013.

MIÐLUNARLEIÐ

Miðlunarleiðin sem valin hefur verið fyrir þetta verkefni er heimildamynd fyrir sjónvarp. Hún er hugsuð sem skemmtiefni með innsýn inn í heim Eurovision aðdáandans. Myndin er samansett af viðtölum við ýmsa aðila sem tengjast keppninni beint og óbeint sem segja frá sinni reynslu og hlutverki. Meðal viðmælenda eru tæknistjóri keppinnar, forseti alþjóðlega aðdáendaklúbbsins, fræðimenn og blaðamenn vinsælla Eurovision fréttasíðna. Einnig er rætt við aðdáendur sem lagt hafa leið sína á keppnina oftast en einu sinni og þeir segja frá upplifuninni í kringum menninguna sem myndast á staðnum. Inn á milli viðtala eru svo allskyns myndbrot sem sýna mannlífið og viðburðina sem um er rætt.

Myndin er fróðleg en auðskiljanleg á sama tíma og ætti því að henta flestum þeim sem hafa séð söngvakeppnina einu sinni eða oftast. Þetta þýðir að stærsti hluti Íslendinga ætti að geta horft á myndina, skilið hana og vonandi haft ánægju af henni líka. Eftir fremsta megni hefur verið reynt að hafa innihald myndarinnar sem skemmtilegast en fræðandi á sama tíma.

GREININGARSTÍLL

Við greiningu myndarinnar notaðist ég við kenningar Bill Nichols um heimildastíla en þeir eru alls sex; skýringarmyndir, könnunarmyndir, gagnvirkar myndir, þáttökumyndir, sjálfhverfar myndir og viðbragðsmyndir. Skýringarmyndir (e. expository) eru myndir sem útskýra ákveðið viðfangsefni fyrir áhorfendum. Dæmi um skýringarmyndir eru sögulegar heimildamyndir og fréttaskýringaþættir. Könnunarmyndir (e. observational) eru myndir þar sem kvikmyndagerðarmaðurinn hegðar sér eins og fluga á vegg og tekur upp viðfangsefni sitt í sínu hefðbundna umhverfi. Náttúrulífsmyndir eru dæmi um könnunarmyndir. Gagnvirkar myndir (e. participatory) eru myndir þar sem tengsl eru á milli kvikmyndagerðarmannsins og viðfangsefnisins. Myndir eftir leikstjóran Michael Moore eru þekktar gagnvirkar myndir. Þáttökumyndir (e. performative) eru svipaðar gagnvirkum myndum en í þáttökumyndum fjallar myndin beint um kvikmyndagerðarmanninn. Dæmi um þáttökumynd er myndin „Supersize Me“ eftir Morgan Spurlock. Sjálfhverfar myndir leitast við að finna sannleika sem einungis er hægt að finna með listrænni túlkun. Sjálfhverfar myndir eru betur þekktar undir sínu franska heiti, Cinema Verité. Viðbragðsmyndir (e. reflexive) eru myndir þar sem áhorfandinn sér myndina verða til. Viðbragðsmyndir sýna eina birtingarmynd sannleikans á sama tíma og þær viðurkenna að fleiri birtingarmyndir geti verið til.

Af þessum sex eru það aðallega skýringarmyndar stíllinn og könnunar stíllinn sem eiga við þessa mynd.²² Stærsti hluti þessarar myndar er byggður upp á viðtölum fólks að segja sögu sína. Þetta gerir myndina að skýringarmynd þar sem verið er að segja frá ákveðnu viðfangsefni, en hér er það menningarheimur Eurovision aðdáandans.

Hinsvegar sýnir stór hluti myndarinnar aðdáendurna í sínu náttúrulega umhverfi ef svo má segja. Aðdáendurnir eru að sinna störfum sínum, biðja um áritanir og ljósmyndir frá keppendum, skemmta sér á ýmsum viðburðum ásamt því að vera viðstaddir keppnina sjálfa. Þarna er fólkið að athafna sig án þess að láta myndavélina hafa áhrif á sig. Þetta gerir myndina að hluta til könnunarmynd. Hinsvegar verður fólkið stundum vart við myndavélina og breytir hegðun sinni í framhaldinu.

Einnig má segja að viðtölin geti flokkast sem gjörningaheimildamynd (e. performative mode) þar sem viðmælendur eru að segja frá sínum eigin persónulegu reynslu með meðfylgjandi tilfinningum. Vandamálið við þessa flokkun er hinsvegar sú að kvikmyndagerðarmaðurinn er ekki þáttakandi í myndinni eins og algengast er með þessa flokkun.

Þetta gefur okkur að hinir sex flokkar Nichols eru engan veginn fullkomnir enda eru flestar heimildamyndir blanda af fleiri en einum stíl. Nichols sjálfur viðurkennir þessa vankanta á flokkun sinni í sjötta kafla í bókinni sinni *Introduction to Documentary*. Þar segir hann að eiginleikar hvers flokks fyrir sig séu viðmið en ekki regla sem gott sé að fylgja eftir til að ákveða í hvaða flokk hver mynd fellur undir.²³

MARKHÓPUR

Markhópur myndarinnar er hinn almenni sjónvarpsáhorfandi sem hefur fylgst með Eurovision í gegnum tíðina. Sérstakur markhópur er þó hinn dyggi aðdáendahópur keppinnar sem fylgist vel með Eurovision heiminum og er líklegri til að njóta viðtalanna.

VÍDEÓDAGBÓK

Meðfram upptökum fyrir myndina ákvað ég að halda vídeódagbók til að skrá mína eigin upplifun á keppninni og það sem fyrir augu bar. Dagbókin hjálpaði einnig til við að muna hvað gerðist á hverjum degi fyrir sig en dagarnir áttu það til að renna saman í eitt þegar lengra

²² Bill Nichols, *Introduction to documentary*, bls. 142-171.

²³ Bill Nichols, *Introduction to documentary*, bls. 99-102.

leið frá viðburðinum. Dagbókina er hægt að finna á vídeómiðlinum Youtube, undir notandaheitinu mínu ESCheidur.²⁴ Í heildina tók ég upp tólf vídeó sem öll eru opin almenningi til að horfa á. Áhorfstölurnar eru mjög mismunandi, allt frá 79 áhorfum upp í vel yfir þúsund áhorf. Þar er þó aðallega frétt á vísir.is sem hjálpaði til með áhorfið, en Ellý Ármanns blaðamaður hjá 365 miðlum hafði samband við mig úti og skrifaði stutta grein sem innihélt vídeódagbókina mína.²⁵ Meðaltal áhorfs var þó í kringum 320.

²⁴ Vefur: Youtube → ESCheidur.

²⁵ Vefur: Ellý Ármanns, *vísir.is*, 2013.

MENNINGARLEG GREINING

MENNINGARLEGUR TILGANGUR KEPPINNAR

Eurovision er mikilvægasta söngvakeppni í heimi. Allavega samkvæmt Eurovision aðdáendum. Einn slíkur, David Thielen færir svo rök fyrir máli sínu: „Eurovision is a common cultural touchstone for the entire continent. When the contest is broadcast, the entire continent is European for 3 hours each night.“²⁶

Hvort sem fólk er sammála David eða ekki er ljóst að þetta er nákvæmlega tilgangur keppinnar. Að styrkja samstarf meðal Evrópuþjóða og stuðla að sameiginlegri evrópski menningu í gegnum tónlist. Evrópa er hinsvegar stórt landsvæði sem inniheldur mjög fjölbreytta menningu, tungumál, trúarbrögð og pólitík. Hvernig stendur á því að svona fjölbreyttur hópur keppist um að taka þátt í tónlistarkeppni í von um að sigra og fá að halda næstu keppni? Söngvakeppnin er sérstaklega dugleg í að draga fram tilfinningaleg viðbrögð hjá fólki. Marilena Zarouila, doktor í leiklist og lifandi miðlun, útskýrir þetta svona; „The ESC promotion is bound up with a discursive triangle of music, sharing and emotion, which is part of the wider ‘affective economy’ that solidifies the contest and the representation of a united Europe throughout it.“²⁷

Til að ýta undir hið sameiginlega milli Evrópuþjóða hafa skipuleggjendur keppinnar notast við mottó eins og „Under the same sky“ (2004), „Share the Moment“ (2010), „Feel Your Heart Beat“ (2011) og „We Are One“ (2013).

Sameinuð Evrópa er hugmynd sem marga Evrópubúa hefur dreymt um og birtist bæði í afþreyingarforminu Eurovision, sem og í pólitísku formi Evrópusambandsins (ESB). Fraser Nelson, blaðamaður hjá The Telegraph vill meina að þegar bæði formin er skoðuð hlið við hlið, kemur í ljós að Eurovision hefur meira menningarlegt gildi fyrir álfuna en Evrópusambandið. Einstaklingar geta haft meiri áhrif á úrslit kosninga í Eurovision, enda er þar um beint lýðræði að ræða í formi símakosningar þar sem öllum er frjálst að kjósa sín uppáhaldsframlög eins oft og þeir vilja innan ákveðins tímaramma. Evrópusambandið notast hinsvegar við fulltrúaping þar sem hinn almenni Evrópubúi hefur minna vægi í kosningum. Einnig eru fleiri einstaklingar sem fylgjast með árlegum úrslitum Eurovision heldur en

²⁶ Vefur: David Thielen, *Wiwibloggs*, 2013.

²⁷ Marilena Zaroulia, „Sharing the Moment“, bls. 38-39.

kosningum hjá Evrópusambandinu. Nelson bendir einnig á að fjölmiðlafárið sem fylgir Eurovision hefur einnig reynst hæfara í að benda almenningi á mannréttindabrot í Serbíu, Rússlandi og Azerbaisjan heldur en Evrópusambandið með reglugerðum sínum og dómstólum. Þannig færir Nelson rök fyrir því að Eurovision sé mikilvægara fyrir álfuna en Evrópusambandið og sé hið raunverulega sameiningartákn Evrópu.²⁸

Hagsmunaaðilar keppinnar eru í raun þrír. Fyrst eru það sjónvarpsstöðvarnar sjálfar sem hagnast á auglýsingatekjum í kringum útsendingar á keppniskvöldunum. Einnig færir þátttaka í keppninni hverri þjóð fyrir sig tækifæri til að sigra og fá heiðurinn af því að halda næstu keppni. Sú þjóð sem sigrar fær ómetanlegt tækifæri til að bæði koma menningararfi sínum á framfæri heldur líka til að sýna hvernig þjóðin passar inn í Evrópu sem ein heild. Ástæðan fyrir að það er eftirsóknarvert að halda keppnina er sú sama og þegar kemur að því að halda stórar íþróttakeppnir eins og ólympíuleika, heimsmeistaramót og Evrópumót. Á meðan á útsendingu stendur er heil heimsálfa að fylgjast með landinu og því sem þar fer fram. Því eru miklir hagsmunir í húfi, sérstaklega ef þjóðin þarf á því að halda að bæta ímynd sína.

Annar hópurinn er tónlistarfólkið sem keppir í söngvakeppninni. Þar sem stór prósentu álfunnar horfir á keppnina er um að ræða ómetanlegt tækifæri fyrir tónlistarfólk til að koma sér á framfæri. Það fer þó algerlega eftir þeim sjálfum og framkomu þeirra í keppninni hvort að vel tekst til eða ekki.²⁹

Stærsti og mikilvægasti hópurinn er svo hinn almenni áhorfandi og aðdáendur. Með yfir 170 milljónir áhorfenda á seinustu keppni og stækkandi sýnileika á internetinu er augljóst að Eurovision á dygga aðdáendur. Af öllu sjónvarpsframboði velur fólk ennþá Eurovision fram yfir aðra þætti enda eru flestir sammála um að skemmtanagildið sé mikið, hvort sem það er í jákvæðu eða neikvæðu formi. Karen Fricker, ritstjóri bókarinnar *Performing the 'New' Europe* er ein af þeim sem er heilluð af keppninni:

„Mainly what I love about Eurovision is its complexity. I love how the simple thing it seems to be on the surface — a European pop song competition — is in fact underpinned by layers of broadcast history and politics; European history and politics; performances of national, regional, ethnic, gender, sexual and other identities; and a profound capacity to produce

²⁸ Fraser Nelson, *The Telegraph*, 2012.

²⁹ Vefur: Sietse Bakker, *Eurovision Family*, 2008.

affects among those who know about it.“³⁰ Þörfin fyrir þjóðarstolt sem og sameiginlegt Evrópustolt á sama tíma er það sem keppnin hefur byggt á og nýtir sér í að hrífa fólk með sér í að búa til áhrifaríkt sjónvarpsefni.³¹

OGAE AÐDÁENDA KLÚBBURINN

OGAE (Organisation Générale des Amateurs de l'Eurovision) International er opinberi aðdáendaklúbburinn fyrir Eurovision. Samkvæmt heimasíðunni þeirra er tilgangur klúbbsins eftirfarandi:

„OGAE International is a non-profit umbrella organisation for some 40 Eurovision clubs in Europe. Since its foundation OGAE has become the biggest organization for Eurovision-fans. Each year OGAE International is responsible for distributing fan-tickets, which are generally the best front-row seats in the three main ESC-concerts (Semifinals and Final.) Naturally OGAE also aims to develop the Eurovision Song Contest itself while establishing strong relationships with both the European Broadcasting Union (EBU) and the organising broadcasting companies.“³²

Samkvæmt þessu er tilgangur OGAE International að halda utan um aðildarklúbbana í hverju landi fyrir sig ásamt því að sinna miðamálum, alþjóðlegum viðburðum og samskiptum við EBU. Aðildarklúbbarnir eru svo ábyrgir fyrir viðburðum í sínu landi.

Hér á Íslandi heitir aðdáendaklúbburinn Fáses (Félag áhugafólks um söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva) en notast einnig við OGAE Iceland. Fáses er ábyrgt fyrir viðburðum í tengslum við Söngvakeppni sjónvarpsins, Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, þátttöku í Alla leið sjónvarpsþáttunum á RÚV ásamt því að skipuleggja fjölda skemmtiviðburða yfir árið. Þar má nefna barsvar (e. pub-quiz), þátttöku í Gay Pride göngunni og sameiginlegt áhorf á undankeppni annarra þjóða. Fáses er einnig ábyrgt fyrir miðadreifingu til íslenskra meðlima sem óska eftir miðum á Eurovision keppnina ytra.

Fáses klúbburinn hefur verið starfandi síðan 2011 og telur nú um 300 meðlimi. Hann hefur vaxið mjög hratt á stuttum tíma og er með frekar jöfn kynjahlutföll. Einnig er áberandi hversu

³⁰ Karen Fricker, 2013.

³¹ Marilena Zaroulia, „*Sharing the Moment*“, bls. 38-39.

³² Vefur: OGAE International, 2013

margt fjölskyldufólk eru meðlimir að klúbbum, miðað við aðra klúbba innan OGAE International.³³

EUROVISION HEIMURINN

Eurovision heimurinn (e. Eurovision bubble) er hugtak sem notað er um alla atburði, viðburði, fréttir og fólk sem tengist keppninni. Hugtakið er í raun notað yfir allt tengt keppninni en á þó sérstaklega við þær tvær vikur sem æfingar og keppni eiga sér stað. Á ensku er þetta kallað „bubble“ því um er að ræða ákveðinn menningarheim sem einstaklingur stígur inn í og verður þáttakandi í í ákveðinn tíma áður en stigið er aftur út og hversdagsleikinn heldur áfram. Af viðtölum mínum að dæma og persónulegri reynslu virðist vera svo að það fólk sem er viðstatt keppnina hverju sinni helgar sig algerlega keppninni í þann tíma sem það er í heimsókn. Viðburðir tengdir keppninni eru settir í fyrsta sæti og allt annað kemur seinna. Bæði OGAE International, aðildarklúbbarnir og gestgjafi hvers árs leggja mikla vinnu í að bjóða upp á gott úrval afþreyingar fyrir aðdáendur sem komnir eru til að vera viðstaddir keppnina. Þetta geta verið allt frá heilu skemmtistöðunum sem sérhæfa sig í Eurovision tónlist, yfir í útítónleika að degi til með keppendum. Allir þessir viðburðir eru þó sérstaklega gerðir til þess að færa fólknið nær aðstandendum og keppendum og er sérstaklega áhugavert í ljósi þess að önnur aðdáendamening, t.d. í tengslum við íþróttir, býður ekki upp á þessa sömu nánd milli aðdáenda og keppenda.

Eins og með aðra aðdáendameningu er fólk þó misvirkt innan hennar. Sumir láta sér nægja að horfa á keppnina heima með vinum eða fjölskyldu á meðan aðrir verða að vera viðstaddir hvert einasta ár. Flesta dreymir þó um að verða viðstaddur keppnina allavega einu sinni á lífsleiðinni enda er andrúmsloftið í kringum keppnina sögð engu lík.

Hjá Eurovision aðdáanda er hápunktur ársins auðvitað úrslitakvöldið sjálft. Hinsvegar hefst Eurovision vertíðin hálfu ári fyrir þegar þjóðir byrja að tilkynna keppendur í væntanlegum undankeppnum. Sumir taka undankeppnirnar mjög alvarlega og fylgjast með sem flestum, á meðan aðrir láta sér nægja að fylgjast með sinni eigin keppni og lesa svo síðar um úrslit í öðrum löndum. Síðuflettingum á Eurovision síðum fer fjölgandi með hverjum deginum sem líður frá áramótum þangað til keppnin nær hámarki og sigurvegari er fundinn. Þá lægir öldurnar nokkuð og lítið er að fréttu fyrir en um haustið og talað er um PED (Post-Eurovision

³³ Ársskýrsla Fáses, 2013.

Depression) þegar depurð og söknuður yfir liðnum tímum sækir á aðdáendur. Sumir fagna þó þessum tíma þegar þeir fá frí frá Eurovision og geta einbeitt sér að öðrum hlutum.³⁴

AÐDÁENDUR UTAN EVRÓPU

Einn af aðildarklúbbum OGAE International heitir því einfalda nafni OGAE Rest of the World. Eins og nafnið gefur að kynna er tilgangur hans að vera aðildarklúbbur fyrir alla aðdáendur keppinnar sem búa í löndum sem annaðhvort eru utan Evrópu eða eru ekki með starfandi aðildarklúbb. Mjög alþjóðlegt yfirbragð er á þessum tiltekna klúbbsi. Forseti klúbbsins kemur frá Suður-Afríku og hefur verið duglegur við að auka sýnileika keppinnar þar í landi. Keppnin er líka vinsæl í Suður-Ameríku og eru t.d. um 100 meðlimir í klúbbsnum frá Costa Rica sem þykir há tala í ljósi þess að Costa Rica hefur ekki þáttökurétt í keppinni.³⁵

Stærsti meðlimahópurinn kemur þó frá Ástralíu en SBS sjónvarpsstöðin hefur haft sýningarréttinn á Eurovision í Ástralíu síðustu 30 ár. Hlutverk sjónvarpsstöðvarinnar er að stuðla að þörfum fjölmeningarsamfélagsins í Ástralíu og spilar Eurovision þar stóran þátt enda eru margir Ástralir af Evrópskum uppruna og Ástralía ennþá hluti af Breska samveldinu. Vinsældir keppinnar hafa farið ört vaxandi þar í landi og var 2013 keppnin sú vinsælasta frá upphafi.³⁶ Síðan árið 2009 hefur SBS sent fjölmiðlateymi og tvo lýsendur sem sjá til þess að Ástralir séu sem best upplýstir þegar stóra stundin rennur upp.

Ástralir virðast vera einstaklega áhugasamir um keppnina og skiptir þá litlu máli að keppnin fari fram um miðja nótt hjá þeim og þeir fái ekki að kjósa. Þrátt fyrir það er Eurovision vinsælt sjónvarpsefni þar í landi og vilja margir Ástralir ólmir fá að vera með í keppinni. Grínast hefur verið með að biðja EBU um „Rest of the world“ framlag svo að aðdáendur utan Evrópu fái tækifæri til að taka þátt. Á hverju ári fara svo fram misgáfulegar umræður um að ef Ástralía fengi tækifæri til að taka þátt, hvaða flytjendur myndu fá heiðurinn af því að vera framlag Ástralíu. Öllu þessu gríni fylgir þó einhver alvara og því alveg ljóst að áhuginn í Ástralíu er meiri en í mörgum þáttökulöndum keppinnar. Ástralir eru einnig fjölmennir innan OGAE Rest of the World klúbbsins og leggja tugir Ástrala á sig ferð á hinn enda

³⁴ Karen Fricker, 2013.

³⁵ Vefur: Brian Singleton, 2013.

³⁶ Vefur: *Bandt.com.au*, 2013.

hnattarins árlega til að taka þátt í herlegheitunum.³⁷ Áhugi Ástralanna er orðinn það áberandi að góðlátlegt grín hefur verið gert að þeim á lokakvöldum Eurovision síðustu árin.

SÝNILEIKI Á INTERNETINU

Keppnin er mjög fyrirferðamikil á internetinu dagana á meðan á henni stendur og þangað til nokkrum dögum eftir úrslitakvöldið. Stóru fréttamiðlarnir í Evrópu og á heimsvísu eru duglegir að færa inn fréttir, myndir og kannanir frá keppninni. Hægt er að finna tilvísanir í hana á helstu samfélagsmiðlum heims ásamt vinsælum afþreyingarmiðlum eins og Youtube, buzzfeed³⁸, 9gag og fleiri.

Teiknimyndasaga eftir listakonuna Humon frá Danmörku lýsir vel sýnileika keppinnar á internetinu á meðan á henni stendur. Þar tilkynnir Bandaríkjamaður Evrópumanni að hann sé feginn að Eurovision sé lokið því keppnin var að fylla upp allt internetið hjá honum.³⁹ Teiknimyndasagan er góð samfélagsádeila því hún bendir glögglega á hvaða afþreyingarefni er vinsælast í heiminum hverju sinni.

TWITTER

Twitter er einn af þeim nýju samfélagsmiðlum sem hafa orðið til síðustu árin og hefur verið mikið notaður í kringum Eurovision. Miðillinn er einfaldur í notkun og snýst um að koma smáskilaboðum áleiðis á internetið, oft fylgja ljósmyndir með og fer notendum hratt fjölgandi. Flokkun á sér stað þar sem fólk merkir skilaboðin sín með umræðumerki # (e. hashtag) en þannig flokkast skilaboðin og allir sem skoða tiltekið umræðumerki geta séð öll skilaboðin sem eru tengd merkinu. Vinsælast er að nota twitter til að fylgja eftir fræga fólkinu eða til að tjá sig um atburði líðandi stundar, s.s. stóra sjónvarpsatburði eins og Ólympíuleikana eða Eurovision. Í tilfelli Eurovision er bæði um að ræða alþjóðleg merki eins og #Eurovision og #esc, ásamt því að mörg lönd hafa búið til sín eigin merki fyrir sína umræðu sbr. #12stig á Íslandi og #SBSEurovision í Ástralíu.

Twitter er í stöðugri þróun og breytist samfélagið og umræðan því hratt á milli ára. Árið 2011 þegar Eurovision var haldin í Düsseldorf í Þýskalandi voru Þjóðverjar langstærsti þjóðfélagshópurinn í Eurovision twitter umræðunni.⁴⁰ Tveimur árum seinna voru Bretar

³⁷ Vefur: *News.com.au*, 2013.

³⁸ Vefur: Ellie Hall, *Buzzfeed*, 2013.

³⁹ Vefur: Humon, 2011.

⁴⁰ Vefur: Dominic Stöcklin, *Slideshare*, 2011.

orðnir algengasti notendahópurinn sem þykir sýna að þrátt fyrir neikvæða samfélagsumræðu um keppnina í Bretlandi, virðast þeir samt sem áður fylgjast með.⁴¹ Vinsælustu umræðuefnin á alþjóðavísu virðast tengjast flutningi á lögunum sjálfum, því næst eru það fötin sem skipta máli, svo kemur allt hitt. Innan umræðunnar hjá hverri þjóð fyrir sig virðist langvinsælasta umræðuefnið vera þeirra eigin framlag og útkoma.

Ef skoðaðar eru twitter tölur frá síðustu keppni í Malmö kemur í ljós að Eurovision er mjög vinsælt umræðuefni á meðan hún stendur yfir. Í maí mánuði 2013 var #Eurovision mest notaða umræðuefnið á twitter. Í þokkabót var það sjötta vinsælasta umræðuefnið frá upphafi ársins á heimsvísu. Á Írlandi taldi Eurovision umræðan á twitter á úrslitakvöldinu þann 18. maí alls 23% af allri samfélagsmiðlaumræðu í landinu.⁴² Á Íslandi var slegið met í twitter notkun yfir Eurovision. Íslenska umræðumerkið er #12stig og hefur aldrei skapast jafn mikil umræða tengd neinum viðburði í íslenska twitter samfélaginu eins og með Eurovision 2013. Alls voru yfir 25.000 skilaboð send út af Íslendingum undir merkinu #12stig á meðan Eurovision stóð yfir.⁴³

Samkvæmt þessum tölum er ljóst að Eurovision verður meira áberandi á samfélagsmiðlunum með hverju árinu sem líður. Með notkun samfélagsmiðla geta fleiri tjáð sig og komið skoðunum sínum á framfæri heldur en nokkru sinni áður og ljóst að margir nýta sér það. Þegar skoðaðar eru umræður inni á twitter virðist sem umræðan sé oftast hlutlaus. Hinsvegar er erfitt að segja til um það þar sem eðli samfélagsmiðla er svo að öllum er frjálst að segja sína skoðun, sama hver hún er. En eitt er víst að tölurnar sýna með ótvíræðum hætti að keppnin hefur mikilvægt menningarlegt gildi fyrir áhorfendur, burtséð frá persónulegum skoðunum þeirra.

ÁHORF

Samkeppnin um sjónvarpsáhorf hefur aldrei verið jafn mikil og nú þegar framboðið er gífurlegt, bæði í hefðbundnu sjónvarpi og á internetinu. Þrátt fyrir harða samkeppni frá allskyns raunveruleikasjónvarpi og annarri dagskrá, er Eurovision enn vinsælasta menningartengda sjónvarpsefni í heiminum. Áhorf á Eurovision 2013 var yfir 170 milljónir manns samkvæmt Eurovision fréttasíðu EBU. Áhorfstölur koma einungis frá 36 löndum sem

⁴¹ Vefur: Vizeo, Eurovision infographic, 2013.

⁴² Vefur: Vizeo, Eurovision infographic, 2013.

⁴³ Vefur: *News of Iceland*, 2013.

tóku þátt í keppninni. Innifalið í þessum tölum eru ekki áhorfstölur frá öðrum Evrópulöndum sem sýna keppnina, löndum utan Evrópu, né áhorf á internetinu sem er töluvert. Því liggur beinast við að rauntölur séu mun hærrí en þessar tölur sýna. Í 24 löndum var allavega 33% heildaráhorf, á meðan vel yfir helmingur horfði á keppnina í átta löndum. Í Danmörku og Svíþjóð voru það yfir 80% þjóðarinnar sem fylgdust með keppninni á einhverjum tímapunkti. Stærsta áhorfsaukningin átti sér stað í Hollandi sem komst í úrslit í fyrsta skipti síðan 2004 og því má tengja gengi framlags í keppninni við áhorfið. Allt í allt var áhorf í Evrópu um 38,3% af heildarsjónvarpsáhorfi. Venjulegt meðaláhorf á þessum tíma er aðeins um 15% og því um 160% aukningu að ræða, Eurovision í vil.⁴⁴

Á Írlandi var úrslitakeppnin þann 18. maí þriðja vinsælasta sjónvarpsefnið á árinu á eftir fréttum og skemmtiþættinum Mrs. Brown Boys. Um 710.000 Írar, 15 ára og eldri, horfðu á Eurovision árið 2013.⁴⁵

SBS sjónvarpsstöðin í Ástralíu hefur sýnt keppnina í 30 ár og var 2013 keppnin sú vinsælasta frá upphafi hjá þeim. Tæpar 3 milljónir Ástrala horfðu samtals á undankeppnirnar tvær og lokakeppnina.⁴⁶ Eurovision var einnig vinsælasta sjónvarpsefnið á öllum sjónvarpsstöðvum á úrslitakvöldinu og var mjög áberandi á samfélagsmiðlunum þar í landi.

Eurovision hefur löngum verið eitt vinsælasta sjónvarpsefni ársins hjá RÚV og uppsafnað áhorf telur allt að 90% þjóðarinnar. Þá hafa tengdir þættir eins og Alla leið, Söngvakeppni sjónvarpsins og Leiðin til Düsseldorf/Baku/Malmö einnig verið vinsælir hjá þjóðinni.⁴⁷ Mín reynsla sem Íslendingur er sú að langflestir Íslendingar vita hvenær keppnin er í gangi og vita hverjir eru að keppa fyrir hönd Íslands hverju sinni. Einnig hef ég tekið eftir því að á meðan keppnin er í gangi að þá eru Eurovision fréttir á meðal mest lesnu fréttunum á vefmiðlunum. Þannig tel ég óhætt að segja að Eurovision skipti menningarlegu máli fyrir Íslendinga.

MENNINGARLEGT MIKILVÆGI HEIMILDAMYNDARINNAR

Samkvæmt öllu því sem kemur fram hér í kaflanum á undan tel ég mikilvægi Eurovision augljóst. Keppnin snertir við fólki á þjóðlegan, samfélagslegan og menningarlegan hátt sem engin önnur söngvakeppni er fær um að gera. Þessi tilfinning nær langt út fyrir landamæri

⁴⁴ Vefur: Jarmo Siim, *Eurovision News*, 2013.

⁴⁵ Eurovision infographic, 2013.

⁴⁶ Vefur: Bandt.com.au, 2013.

⁴⁷ Vefur: Margrét Björk Sigurðardóttir, *Vísindavefurinn*, 2009.

þjóða sem ýtir enn undir mikilvægi keppinnar á alþjóðlegum grundvelli. Keppninni tekst að sameina fólk ekki bara í Evrópu heldur um allan heim. Það er þessi samkennd og samhugur sem birtist í viðtölunum við Eurovision aðdáendurna sem er töfraefnið í að halda þessu fyrirbæri sem keppnin er, gangandi. Þá er keppnin einnig gríðarlega vinsælt sjónvarpsefni í mörgum löndum, meðal annars hér á Íslandi. Þannig má ætla að efni eins og heimildamynd af þessu tagi hafi menningarlegt gildi fyrir fjölda fólks.

RÁÐSTEFNAN

Meðal staða sem ég heimsótti meðan á keppninni stóð var ráðstefnan ‘A Transnational Vision for Europe: Performances, Politics and Places of the Eurovision Song Contest’ sem haldin var af háskólanum í Malmö. Andreas Önnersfors, leiðbeinandi við stjórnmálafræðideild skólans sá um framkvæmd ráðstefnunnar en hann hefur mikinn áhuga á evrópskum fræðum, menningu og pólitík. Söngvakeppnin fellur því auðveldlega undir áhugasvið hans.

Ráðstefnan stóð yfir í þrjá daga, 15-17 maí og voru alls 25 fræðimenn frá níu löndum sem fluttu erindi.⁴⁸ Það var þó sérstaklega dagskrárliður á öðrum degi sem fangaði athygli mína en það voru pallborðsumræður um aðdáendameninguna í kringum keppnina. Ég hafði fyrirfram fengið leyfi frá Andreas til að kvikmynda pallborðsumræðurnar og taka viðtal við hann. Eftir pallborðsumræðurnar kynntist ég Brian Singleton og Ewan Spence sem höfðu tekið þátt í umræðunum en þeir enduðu sem viðmælendur í myndinni minni.

⁴⁸ Vefur: Johanna Svensson, *Mah News*, 2013.

VIÐMÆLENDUR

Eftirtaldir aðilar gáfu viðtal og birtast í myndinni. Fleiri viðtöl voru þó tekin upp en vegna innihalds eða ófullkominna myndgæða enduðu þau ekki í lokaútgáfu myndarinnar.

BRIAN ROBERT SINGLETON

Brian er fræðimaður, háskólakennari og deildarstjóri við leikhús, kvikmynda- og tónlistardeild (e. Drama, Film & Music) Trinity háskóla í Dublin á Írlandi. Hann er núverandi forseti The International Federation for Theatre Research og fyrrverandi ritstjóri Theatre Research International (Cambridge University Press). Hann hefur áhuga á öllu tengdu lífandi miðlun og menningu, sérstaklega ef það er milli mismunandi þjóða eða þjóðfélagsþópa.

Brian var viðstaddur keppnina sem fræðimaður aðallega þó að hann viðurkenni að hann hafi verið forfallinn aðdáandi síðan í barnæsku. Hann er búinn að vera hluti af teyminu á bakvið Eurovision Research Network síðan 2007 sem er hópur fræðimanna sem hefur áhuga á keppninni. Hann hefur gefið út bæði fræðigreinar og efni í tengslum við keppnina. Brian var einn af þátttakendum í pallborðsumræðum um aðdáendameningu á Eurovision ráðstefnunni sem haldin var af háskólanum í Malmö.

Í viðtalinu talaði hann um sína persónulegu reynslu af Eurovision, fræðiheiminn, sögu Eurovision, stöðu írska aðdáendaklúbbsins, aðdáendameninguna og mismunandi stig aðdáunar ásamt fleiru. Viðtalið við hann fór fram í blaðamannahöllinni í Malmö Massan fyrir úrslitakvöldið.

OLA MELZIG

Ola var tæknistjóri keppinnar (e. Technical director) 2013 og ábyrgur fyrir öllum ljósum, hljóði, sviði, grafík, flugeldum og öðrum sjónrænum tæknibrellum. Hann hefur verið hluti af tækniteymi keppinnar ellefu sinnum síðan árið 2000. Hann var hvorki með árið 2001 í Kaupmannahöfn né í Serbíu 2008. Ola er sænskur og uppalinn í Malmö. Fyrsta keppnin sem hann vann við var í Stokkhólmi árið 2000⁴⁹ og á heimaslóðum árið 2013 fékk hann stöðu tæknistjóra.

⁴⁹ Vefur: Ola Melzig, *Eurovision Family*.

Ola sérhæfir sig í lifandi viðburðum og á sitt eigið framleiðslufyrirtæki með eiginkonu sinni Joan. Þau eru með tvær skrifstofur, eina í Austin, Texas í Bandaríkjunum og aðra í Stokkhólmi í Svíþjóð. Þau taka að sér verkefni út um allan heim og þar á meðal hafa verið nokkrar Eurovision keppnir, Commonwealth leikarnir 2010 og Espectaculo Commemorativo.⁵⁰ Ola er mjög eftirsóttur tæknistjóri í heimi lifandi sjónvarps og viðburða.

Í viðtalinu ræddi Ola um sína persónulegu reynslu af Eurovision og hvernig hann breyttist í Eurovision aðdáanda eftir að hafa unnið við keppnina svona lengi. Hann ræddi einnig um tæknilegu hliðina á keppninni, uppsetningu, sviðið, niðurrif og annan undirbúning. Viðtalið við hann fór fram í keppnishöllinni Malmö Arena, baksviðs í græna herberginu fyrir úrslitakvöldið.

WILLIAM LEE ADAMS

William er blaðamaður og stofnandi Eurovision fréttabloggsíðunnar Wiwibloggs og er kallaður Wiwi. Hann er fæddur og uppalinn í Georgíufylki í Bandaríkjunum og þekkti ekki til Eurovision fyrr en á fullorðinsárum. Wiwi stundaði nám við Harvard háskóla þar sem hann kynntist Venu Nadella sem kynnti hann fyrir Eurovision. Wiwi býr og starfar núna í London í Bretlandi en skrif hans hafa meðal annars birst í tímaritunum *Time* og *Attitude*, ásamt dagblöðunum *Financial Times*, *Newsweek* og *Sydney Morning Herald*.

Fréttabloggsíðan Wiwibloggs er ein allra vinsælasta síðan tengd Eurovision á netinu. Á meðan keppnin 2013 stóð yfir lásu að meðaltali 40.000 manns síðuna á hverjum degi.⁵¹ Wiwi leggur mikið á sig til að halda úti fjölfarinni síðu og ferðast út um alla Evrópu til að ná í efni tengdu keppninni. Í sameiginlegu viðtali með Venu ræddi hann um kynni sín af keppninni, upphaf og tilgang fréttabloggsíðunnar sinnar, tengslin milli keppinnar og menningu samkynhneigðra, og samkeppnina milli Eurovision fréttasíðna. Viðtalið við hann fór fram í blaðamannahöllinni í Malmö Massan fyrir úrslitakvöldið.

VENU AARRE NADELLA

Venu er vinur og samstarfsfélagi Williams á Eurovision fréttabloggsíðunni Wiwibloggs. Þeir kynntust þegar þeir stunduðu báðir nám í Harvardháskóla í Bandaríkjunum og var það Venu sem kynnti Wiwi upprunalega fyrir keppninni. Hann á sænskumælandi finnskt foreldri sem

⁵⁰ Vefur: *M & M*, 2013.

⁵¹ Vefur: William Lee Adams, 2013.

hefur leyft Venu að horfa á Eurovision frá unga aldri. Venu er hálfur Finni og hálfur Bandaríkjamaður og hefur búið bæði í Finnlandi og Bandaríkjunum. Einnig hefur Venu búið í London en hann stundaði MBA nám við London School of Business.

Þessa dagana býr Venu í Amsterdam í Hollandi þar sem hann starfar sem markaðsfræðingur. Sameiginlegt viðtal við hann og William fór fram í blaðamannahöllinni í Malmö Massan fyrir úrslitakvöldið.

MAIKEN MÄEMETS

Maiken er núverandi forseti OGAE International, alþjóðlega aðdáendaklúbbnum síðan 2011. OGAE International hefur yfirumsjón með öllum aðildarklúbbum innan OGAE, sem eru um 40 talsins. Maiken er frá Finnlandi og kynntist keppninni fyrst almennilega árið 2007 þegar keppnin var haldin í Helsinki.⁵² Hún starfar í ferðamannaiðnaðinum í Tallinn í Eistlandi en ferðast einnig mikið í tengslum við skipulagningu á næstu keppni í Kaupmannahöfn. Hennar störf sem forseti fela í sér skipulagningu á miðakaupum fyrir aðdáendaklúbbana, og samskipti við EBU, gestgjafa hvers árs og skipuleggjendur keppinnar. Meðan á keppni stendur er hún ábyrg fyrir aðdáendasvæðinu, aðdáendakosningu, viðburðastjórnun og miðamálum.

Í viðtalinu ræddi hún um persónulega upplifun sína á keppninni, OGAE International, störf sín og ábyrgð sem forseti, aðdáendaklúbbinn í Finnlandi og fleira. Viðtalið við hana fór fram í blaðamannahöllinni í Malmö Massan fyrir úrslitakvöldið.

ANDREAS ÖNNERFORS

Andreas er lektor við stjórnmálafræðideild (e. Department of Global Politics) Malmö háskóla í Svíþjóð. Hann var stjórnandi og aðalskipuleggjandi ráðstefnunnar „A Transnational Vision for Europe: Performances, Politics and Places of the Eurovision Song Contest“ en hún átti sér stað í húsakynnum stjórnmálafræðideildar Malmö háskólans. Hann er sagnfræðingur að mennt og sérhæfir sig í Evrópufræðum, samtímasögu, menningar- og fjölmiðlasögu. Hann hefur mikinn áhuga á öllu sem tengir þjóðir saman, hvort sem það er pólitíkin, sagan, menningin eða samfélagið.⁵³ Eurovision passar vel við þessi áhugamál hans sem útskýrir hví hann tók að sér að skipuleggja ráðstefnuna. Andreas sagðist ætla að aðstoða háskólann í Kaupmannahöfn við að halda ráðstefnuna á komandi ári.

⁵² Vefur: OGAE International →Board, 2013.

⁵³ Vefur: Malmö University , 2013.

Í viðtalinu ræddi hann um persónulega upplifun sína af keppninni, niðurstöðu úrslitanna, framkvæmd og útkomu ráðstefnunnar, pólitíska krísu í söngtextum, ásamt menningarlegri og fjárhagslegri þýðingu fyrir Malmö sem gestgjafaborg. Viðtalið við hann fór fram á skrifstofu hans í háskólanum í Malmö eftir úrslitakvöldið.

JULIA GULIAEVA

Julia er aðdáandi Eurovision og kemur frá Minsk í Hvíta-Rússlandi. Hefur hún verið viðstödd nokkrar keppnir ásamt eiginmanni sínum. Í viðtalinu ræddi hún um erfitt menningarumhverfi í Hvíta-Rússlandi vegna forsetans og einræðisherrans Alexander Lukashenko. Hvíta-Rússland hefur neyðst til að skipta út framlögum og keppendum eftir geðþótta Lukashenko sem hefur dregið úr trúverðugleika landsins í keppninni. Þessar stöðugu breytingar eru taldar stór ástæða fyrir minnkandi áhuga almennings á keppninni í Hvíta-Rússlandi. Julia ræddi einnig um persónulega upplifun sína af keppninni og aðdáendameninguna. Viðtalið við hana fór fram í blaðamannahöllinni í Malmö Massan fyrir úrslitakvöldið.

KRISTINA KOROLYOVA

Kristina er aðdáandi Eurovision og kemur frá Rostovnadonu í Rússlandi. Hún hefur verið viðstödd nokkrar keppnir og hefur góða innsýn í aðdáendaheiminn í kringum keppnina, sem og menninguna í kringum keppnina í heimalandi sínu Rússlandi. Hún býr og starfar í Moskvu.

Í viðtalinu ræddi hún um persónulega reynslu sína af keppninni, stöðu Eurovision í Rússlandi og aðdáendameninguna. Viðtalið við hana fór fram í blaðamannahöllinni í Malmö Massan fyrir úrslitakvöldið.

PAUL BOSTOCK

Paul er aðdáandi Eurovision frá Brisbane í Ástralíu. Hann ásamt félaganum sínum hefur lagt á sig langt ferðalag til Evrópu í nokkur ár til að vera viðstaddur keppnina þar sem þeir eru duglegir að stunda félagslífið í kringum keppnina. Paul er háskólanemi í Melbourne og virkur meðlimur í OGAE Rest of the World klúbbum. Hann er einnig duglegur við að skipuleggja lítil party og viðburði fyrir aðra Eurovision aðdáendur á sínu svæði.

Í viðtalinu talar Paul um Eurovision almennt og hvað varð þess valdandi að hann sem Ástrali varð aðdáandi. Hann talar um sögu og menningarlegt mikilvægi Eurovision í heimalandi sínu. Einnig talar hann um persónulega upplifun sína af keppninni, aðdáendaheiminn og

skemmtilegar upptökur í tengslum við keppnina. Viðtalið við hann fór fram í blaðamannahöllinni í Malmö Massan fyrir úrslitakvöldið.

Þessir níu aðilar eru þeir sem rötuðu í lokaútgáfu myndarinnar. Einn viðmælandinn, Ewan Spence, sem er þekktur netvarpari (e. podcaster) í Eurovision „heiminum“ var klipptur út á seinustu stundu til að stytta myndina. Upptökur á viðtölum gengu almennt vel og auðvelt var að fá fólk í viðtal og allir meira en tilbúnir að deila sinni reynslu fyrir framan kvikmyndavélina.

TÖKUR OG TÆKNI

Eins og kom fram í byrjun fóru tökurlar að öllu leyti fram í maí á þeim tveimur vikum sem Eurovision æfingar og keppni stóð yfir. Notast var að mestu við Canon 650D ljós- og kvikmyndavél og GoPro Hero 2 kvikmyndavél. Flestur búnaður var fenginn að láni frá föður mínum, bróður og kærasta og tókst mér þannig að spara mér mikla fjármuni sem leyfði mér að fjárfesta í þeim búnaði sem vantaði upp á.

Klipping og eftirvinnsla átti sér stað á löngu tímabili, frá júní til janúar 2014. Notast var við klippiforritið Adobe Premier Pro sem ég átti á tölvunni minni og Adobe After Effects forritið.

TÖKUSTAÐIR

MALMÖ MASSAN

Malmö Massan er viðburðahöllin við hlið keppnishallarinnar Malmö Arena. Inni í Malmö Massan var blaðamannahöllin, ásamt keppendaaðstöðu og aðdáendaaðstöðu. Þetta var mest notaði tökustaðurinn. Blaðamannafundir og umhverfisskot voru tekin upp ásamt viðtölum við Paul Bostock, Maiken Mäemets, William Lee Adams, Venu Nadella, Brian Singleton, Juliu Guliaevu, Kristínu Korolyovu og Ewan Spence.

MALMÖ ARENA

Malmö Arena er keppnishöllin sjálf og er við hlið Malmö Massan. Umhverfi, bæði að utan og innan var tekið upp. Undanúrslitakvöld, úrslitakvöld og æfingar voru teknar inni í höll. Einnig fékkst nokkuð af efni frá tæknistjórnarsvæðinu, baksviðsgeymslu og græna herbergi keppenda. Viðtal við Ola Melzig, tæknistjóra keppinnar fór þarna fram.

EURO CLUB

Euro Club var opinber næturklúbbur keppinnar og er í Slagthuset við höfnina í Malmö, við hlið aðallestarstöðvarinnar. Klúbburinn var einnig nýttur fyrri vikuna sem blaðamannaaðstaða þar sem hægt var að horfa á æfingar úr höllinni á skjá, halda stutta blaðamannafundi og svokallað „heilsast og hittast“ (e. „meet n greet“) með keppendum. Klúbburinn var vinsæll á kvöldin og þó nokkrar þjóðir nýttu hann undir þjóðarpartýin sín. Einnig voru partýin eftir opnunarhátíðina, undanúrslitakvöldin og úrslitin haldin þarna. Almenn partýstemning, dans og fögnuður var tekinn upp þarna.

EURO FAN CAFÉ

Euro Fan Café var opinber aðdáendaklúbbur keppinnar sem var staðsettur í Moriska Paviljongen í Folkets Park. Þarna gátu allir aðdáendur með aðdáendapassa fengið sérstakan aðgang að viðburðum sem voru sérstaklega skipulagðir fyrir þá af OGAE International. Í tíu daga samfleytt var þétt dagskrá af mismunandi viðburðum, frá barsvar (e. pub-quis) yfir í tónleika nýrra og gamalla keppenda. Viðburðir, tónleikar og skemmtun voru tekin upp þarna.

MALMÖ UNIVERSITY

Ráðstefnan ‘A Transnational Vision for Europe: Performances, Politics and Places of the Eurovision Song Contest’ fór fram dagana 15.-17. maí í húsi stjórnmálafræðideildar háskólans í Malmö. Skólinn er við hlið smábátahafnarinnar og skammt frá aðalstarstöðinni. Pallborðsumræður um aðdáendameningu voru teknar upp, ásamt viðtali við Andreas Önnersfors, lektor við stjórnmálafræðideild skólans og skipuleggjanda ráðstefnunnar.

MALMÖ OPERA

Opnunarhátíðin var í óperuhúsinu í Malmö. Stór rauður dregill var fyrir utan húsið fyrir keppendur og umboðsmenn. Öðru megin við dregilinn var blaðamannasvæði þar sem keppendur gáfu viðtöl og stilltu sér upp fyrir ljósmyndir. Hinum megin við dregilinn var sérstakt aðdáendasvæði þar sem aðdáendur með passa gátu tekið ljósmyndir, spjallað, faðmað og fengið áritanir frá keppendum. Svipmyndir frá opnunarhátíðinni og keppendum voru teknar upp þarna.

GLASKLART

Glasklart er viðburða-, tónlistar- og ráðstefnuhús við smábátahöfnina í Malmö. Norræna Eurovision partyið fór þar fram laugardagskvöldið 11. maí. Keppendur, aðstandendur og blaðamenn frá öllum Norðurlöndunum var boðið í partyið, ásamt nokkrum öðrum keppendum. Nauðsynlegt var að vera með boðskort til að komast inn, ólíkt mörgum öðrum partyum. Krista frá Finnlandi, Margaret frá Noregi, Eyþór frá Íslandi, Emmelie frá Danmörku og Robin frá Svíþjóð fóru öll upp á svið og sungu eitt til tvö lög hvert. Sviðsframkomur keppenda ásamt partýstemningu voru tekin upp.

MIÐBÆR MALMÖ

Miðbærinn í Malmö var vel skreyttur í tilefni af Eurovision. Fánar og borðar voru á húsum, yfir götur, á fánastöngum og ljósastaurum. Fiðrildum, þema ársins 2013, var dreift út um allt,

bæði í þrívíddarútgáfum á stytum og í límmiðaformi á gangstéttum og götum. Einnig var stórt niðurtalningarskilti á Stóra torginu (s. Stora Torget). Ýmis umhverfisskot voru tekin í miðbænum.

VANDAMÁL

Við tókur og klippingu myndarinnar kom ýmislegt upp sem betur hefði mátt fara. Þrátt fyrir að hafa reynslu af upptökum og klippingu var margt sem klikkaði á ögurstundu. Til dæmis hafði ég ekki fjármagn til að kaupa LED ljós fyrir myndavélina né þekkti ég neinn sem gat lánað mér slíkt. Við upptökur lifði ég í þeirri von að þetta vandamál myndi ekki vera alvarlegt og reyndi eftir fremsta megni að staðsetja fólk þar sem ljós yrði sem minnst vandamál. Þetta reyndist þó ansi krefjandi þar sem óheppileg flúorljós voru á flestum stöðum og kom því oft óþarfa skuggi á andlit viðmælenda sem ég hefði viljað losna við. Til að vinna á móti þessu hef ég reynt að litabreyta (e. color correct) myndskaiðunum með misjöfnum árangri.

Annað vandamál sem ég hefði viljað getað stjórnað betur var bakgrunnurinn á mörgum viðtölum sem var oft ljótur og óspennandi. Annar bakgrunnur var hinsvegar ekki í boði á þessum tíma og hefði ég annaðhvort þurft að fórna viðtölum fyrir bakgrunninn eða sætta mig við hann. Hefði ég haft meiri tíma, fleiri tæki, aðstoðarfólk og meiri reynslu af upptökum hefði þetta mögulega komið betur út.

AÐSTOÐ

Verkefni að þessari stærð er ómögulegt að framkvæma nema með einhverri aðstoð og var fjöldi fólks sem hjálpaði til við verkefnið með einum eða öðrum hætti.

Foreldrar, kærasti og vinir eru þar fremst í flokki en frá þeim hlaut ég dýrmæta aðstoð í formi hugmynda, láni á tækjabúnaði og samböndum til að koma verkefninu áfram. Í gegnum tengslanet mitt tókst mér að fá fría gistingu, blaðamannapassa og spara mér fullt af fjármunum í lánuðum tækjabúnaði. Þá er einnig ómetanlegur allur sá andlegi stuðningurinn sem hefur komið frá þessu fólki.

Starfsmenn RÚV í íslenska hópnum úti voru liðleg og ávallt innan handar fyrir mig þó þau þyrftu þess ekki. Þarna voru Jónatan Garðarsson, Hera Ólafsdóttir og Helgi Jóhannsson sérstaklega hjálpsöm, bæði í Malmö og eftir á með ýmislegt í tengslum við greinargerðina.

Peter Fenner, Paul Gomez og Jonathan Kernan eru breskir liðsmenn íslenska hópsins sem aðstoðuðu mig við að komast að í Eurovision heiminum, kynntu fyrir mér hverjir eru hvað og hvernig hlutirnir ganga fyrir sig úti í keppnunum. Þeir vildu ekki birtast sjálfir í viðtölum en kynntu mig fyrir þó nokkrum sem enduðu í viðtali fyrir myndina. Þeir voru lykilmenn í samböndum við aðdáendur.

Davíð Lúther Sigurðsson og Eiríkur Hafdal hjá Silent viðburðum sáu um Vísis verkefnið sem ég aðstoðaði þá með. Ég var þeirra aðstoðarmanneskja úti í Malmö og kynnti þá fyrir fólki og aðstæðum. Þeir hjálpuðu mér með ýmis tæknimál og lánuðu mér hljóðnema sem kom að góðum notum.

Eyrún Ellý Valsdóttir, Hildur Flóvents og Flosi Ómarsson eru stjórnarmeðlimir FÁSES og voru viðstödd keppnina úti sem blaðamenn fyrir bloggsíðu félagsins. Þau voru heilmikill andlegur stuðningur á meðan við dvöldum úti og gáfu góð ráð og hugmyndir sem spöruðu heilmikinn tíma við upptökur. Einnig voru þau dugleg að passa upp á búnaðinn minn þegar ég þurfti að stökkva frá.

Sverrir Einarsson og Þóra Kristiansen leyfðu mér að gista frítt heima hjá sér í tvær vikur og gáfu mér oft að borða. Einnig lánuðu þau mér reiðhjól sem ég notaði til að hjóla út á lestarstöð og sparaði mér þannig töluverðan tíma. Þau gáfu mér líka nokkrum sinnum far frá og til Malmö. Þau voru líka hjálpsöm þegar kom að ráðleggingum með samgöngur, mat, staðsetningar og annað sem er mikilvægt þegar komið er í óþekkta borg.

Án þeirrar aðstoðar sem allt þetta fólk veitti mér að kostnaðarlausu, er algjörlega ómetanlegt og mér hefði ekki tekist að ná að vinna verkefnið jafn vel og raun bar, ef ekki hefði verið fyrir hjálpssemi þeirra. Því finnst mér mikilvægt að framlag þeirra til verkefnisins komi fram bæði hér í greinargerðinni sem og í kreditlista myndarinnar sjálfrar.

HÖFUNDARRÉTTUR OG LEYFI

BIRTINGARRÉTTUR

Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva er eigandi alls efnis sem tengist keppninni og útsendingu á henni. Ríkisútvarpið (RÚV) hefur hins vegar samning við EBU um birtingarrétt og notkun á efni tengdu keppninni hér á landi. RÚV er jafnframt eigandi alls efnis sem tengist Söngvakeppni sjónvarpsins, undankeppni Íslands fyrir Eurovision.

Þessi heimildamynd er að mestu leyti byggð á efni sem tekið er upp af mér sjálfri og því ber ég lagalegan rétt á notkun á mínu efni. Allt efni sem tekið er upp af mér á opnum svæðum og á svæðum opnum fyrir blaðamenn er efni sem ég má nota af frjálsum vilja. Í nokkrum tilfellum er hinsvegar um að ræða efni sem tengist keppninni beint, svo sem skot af keppendum á sviðinu á keppniskvöldum og því þyrfti að fá leyfi fyrir notkun þeirra efnisbúta ef myndin færi í almenna sýningu.

Til að fá þetta allt á hreint átti ég fund með Heru Ólafsdóttur, dagskrárstjóra innlendrar dagskrár hjá RÚV. Samkvæmt henni er mikill munur á skólaverkefni og mynd í almennri sýningu þar sem önnur lögmál gildi þegar kemur að höfundarrétti og leyfum. Ef verkefnið er eingöngu skólaverkefni og aðeins lokaður hópur fólks sér myndina og aðeins lítill eða enginn hluti hennar er höfundarréttarskyldur þarf ekki að útvega tilskilin leyfi eins og þarf fyrir mynd í almennri sýningu. RÚV leyfir einnig nemendum að nota efni frá þeim endurgjaldslaust svo framarlega sem það komi fram í þakkarlista í enda myndarinnar að efni hafi góðfúslega verið fengið að láni hjá RÚV. Til að fá slíkt efni þarf að fylla út beiðni til safnadeildarinnar sem aðstoðar svo við að finna efnisbútana sem óskað er eftir. Borga þarf fyrir meðhöndlunargjöld og aðra vinnu hjá safnadeildinni, en efnið sjálft fæst frítt.⁵⁴

Ef um er að ræða mynd sem fer í almenna sýningu þarf að borga fyrir efni sem fengið er að láni hjá RÚV. Rukkað er fyrir efnisnotkun í sekúndum, bæði fyrir innlandan og erlendan markað. Gjaldið fyrir íslenskan markað er 1.500 kr. á sekúnduna og er þá allur birtingarréttur leyfður, hvort sem það er sjónvarp, útvarp, vefmiðill eða eitthvað annað. Einnig er boðið upp á ódýrara verð þ.e. 500 kr. fyrir vefmiðla, eða 1.000 kr. fyrir eingöngu sjónvarp og útvarp, en þá þarf að passa sig á að efnið birtist ekki í öðrum miðli. Ef heildarefni sem er fengið að láni

⁵⁴ Viðtal við Heru Ólafsdóttur, 4. Desember 2013.

hjá RÚV nær 1-2 mínútum, að þá er boðið upp á 10% afslátt, ef lánað efni er meira en 4 mínútur hækkar afslátturinn upp í 40%. Greitt er fyrir fjölda sekúndna sem birtast í lokaútgáfu myndar. Ef myndin er sýnd á RÚV eða í samstarfi við RÚV er hægt að gera samkomulag um kostnað, RÚV er tilbúið að skoða og meta hvert verkefni fyrir sig. Verð fyrir sýningarrétt á efni frá RÚV erlendis er 4.500 kr. á sekúnduna. Hægt er að fá afslátt af þeim eins og með innlendan markað.

Ef ætlunin er að sýna efnið á almennum innlendum markaði utan RÚV, til dæmis á Stöð 2, Skjá einum eða í kvikmyndahúsi þarf að borga fyrir notkun RÚV efnis samkvæmt gjaldskránni. Efni tengt Eurovision er þó í eðli sínu tengdara RÚV en öðrum sjónvarpsstöðvum þar sem RÚV er með birtingarréttinn á keppninni hér á landi. Ef RÚV hafnar hinsvegar efni tengdu keppninni, hvort sem það er vegna kostnaðar eða innihalds hefur RÚV engan rétt til að mótmæla sýningu efnisins á öðrum sjónvarpsstöðvum. RÚV hefur þó alltaf rétt til að skoða efnið áður en það er birt þrátt fyrir að vera ekki sýnt hjá þeim, vegna samnings þeirra við EBU.

Samkvæmt þessum upplýsingum ætti ég ekki að þurfa að sækja um tilskyld leyfi svo framarlega sem myndin þjóni einungis hlutverki lokaverkefnis í skóla. Ég er ábyrg fyrir öllum mínum upptökum. Hera Ólafsdóttir hjá RÚV sýndi þó áhuga á að fá að sjá myndina svo hægt væri að taka ákvörðun um hvort RÚV vildi sýna hana eða ekki. Heimildamynd með efnisvali af þessu tagi myndi henta vel sem dagskrárefni í vikunni fyrir Eurovision 2014. Ef svo færi að RÚV myndi vilja sýna myndina þyrfti að fara betur yfir hvaða efnisbútar gætu mögulega brotið höfundarréttarlög. Ef einhverjir slíkir bútar eru til staðar er annaðhvort að fjarlægja þá úr myndaútgáfu sem ætluð er almenningi eða fylla út tilskylin leyfi og þá mögulega borga fyrir efnisnotkun. Þetta eru þó hlutir sem ekki er hægt að segja til um á þessu stigi málsins.

TÓNLIST

Það sama gildir með tónlistina og birtingarréttinn að það skiptir máli hvort heimildamyndin sé aðeins sýnd fyrir lokaða hópa eða hvort hún birtist í almennri sýningu. Ef hún er eingöngu háskólaverkefni þarf ekki að sækja um nein leyfi. Ef myndin birtist almenningi þarf að skoða málin betur. Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva á réttinn á að gefa út tónlistar- og mynddisk með öllum lögum keppinnar. Höfundarréttur einstakra laga liggur þó áfram í höndum höfunda þeirra. RÚV er með samning við EBU á notkun efnisins hér á landi og hefur þar með rétt til að spila tónlistina á miðlum sínum. RÚV er þó ekki með útgáfurétt á

framlögum annarra þjóða. RÚV er með sérstakan samning við STEF (samband tónskálda og eigenda flutningsréttar) og fyllir út skýrslur til STEF um alla opinbera notkun tónlistarefnis, burtséð frá eðli og tegund þess. Þar er tekið fram hvaða lög eru notuð, hversu margar mínútur og sekúndur eru notaðar, hver höfundur og flytjandi er og í hvaða dagskrárlið lagið er birt. Í gegnum STEF fá svo höfundar og flytjendur sinn hlut af höfundarvörðu efni.

Varðandi heimildarmyndina mína myndi það alfarið velta á því hvort hún færi í almenna sýningu eða ekki hvort ég þyrfti að fylla út STEF skýrslu eða ekki. Ef myndin birtist á RÚV er RÚV tilbúið að aðstoða við útfyllingu skýrslunnar.

ÞÝÐING OG TEXTUN

Þýðing og textun á viðtölum hófst í ágústmánuði og hélt áfram í september. Þetta var hinsvegar mjög tímafrek vinna og þurfti að lúta í lægra haldi fyrir skrifum á greinargerðinni. Vinna í þýðingum og textun viðtala hélt áfram í desember og janúar þangað til vinnunni var full lokið.

KOSTNAÐUR

Hér fyrir neðan eru töflur sem sýna bæði raunkostnað og fullan kostnað.

RAUNKOSTNAÐUR

Raunkostnaður er heildarkostnaðurinn sem ég borgaði fyrir. Ég fékk tæki og búnað að mestu leyti lánað frá fjölskyldu og vinum en þurfti þó að fjárfesta í nokkrum hlutum sjálf. Ég keypti flugið á sérstöku nettilboði þegar það bauðst og fékk það þar af leiðandi ódýrara en vanalega. Einnig fékk ég gistinguna fría þar sem ég fékk að gista hjá íslensku vinafólki á svæðinu og sparaði þar með dýrasta kostnaðarliðinn. Heima hjá þeim fékk ég oft að borða morgunmat, hádegismat og kvöldmat og sparaði þannig einnig í matarkostnað. Ég græddi einnig á því að hafa blaðamannapassa og fékk fríar samgöngur á meðan á keppninni stóð. Einu samgöngurnar sem ég borgaði fyrir voru fyrir lestina til og frá Kastrup flugvelli í Danmörku. Í heildina endaði ég á því að borga 270.610 kr. í kostnað tengdum verkefnum.

Tæki og búnaður

Verð:

Canon EOS 650D + 18-55mm linsa	Fengið að láni
GoPro Hero 2	Fengið að láni
Fylgihlutir fyrir GoPro	Fengið að láni
Canon linsa EFS 17-85mm Macro 0.35m/1.2f	Fengið að láni
Canon linsa EF 50mm f/1,4 USM	59.900,- kr.
Prífótur	Fengið að láni
Røde Lavalier hljóðnemi	37.000,- kr.
Hand hljóðnemi	Fengið að láni
Zoom hljóðupptökutæki	26.000,- kr.
XLR snúra fyrir hljóðnema	Fengið að láni
Kortalesari fyrir myndavélar	Fengið að láni

Lexar 32 GB Minniskort	9.990,- kr.
Lexar 16 GB Minniskort	4.990,- kr.
Lexar 8 GB Minniskort	Fengið að láni
Hleðslutæki fyrir Canon myndavél	Fengið að láni
Myndavélataska	Fengið að láni
Adobe Premier Pro klippiforrit	Fengið að láni
Alls:	137.880,- kr.

Annar kostnaður:

Verð:

Flug	32.000,- kr.
Gisting	Frí
Samgöngur	4.730,- kr.
Miðar á keppnina	56.000,- kr.
Matur	40.000,- kr.
Alls:	132.730,- kr.

FULLUR KOSTNAÐUR

Eftirfarandi listi sýnir fullan kostnað og telur alla kostnaðarliði miðað við raunverulegan kostnað á markaði. Alls er þetta kostnaður upp á 1.010.470,- kr. Því er það ljóst að með því að notast við lánaða hluti og gestrisni vina sparaði ég mér að lágmarki 739.860,- kr.

Hlutur:**Verð:**

Canon EOS 650D + 18-55mm linsa	139.900,- kr.
GoPro Hero 2	57.900,- kr.
Fylgihlutir fyrir GoPro	8.980,- kr.
Canon linsa EF 50 mm f/1,4 USM	59.900,- kr.
Canon linsa EFS 17-85mm Macro 0.35m/1.2f	49.000,- kr.
Þrífótur	9.990,- kr.
Røde Lavalier hnapps hljóðnemi	37.000,- kr.
Hand hljóðnemi	4.790,- kr.
Zoom Hljóðupptökutæki	26.000,- kr.
XLR snúra fyrir hljóðnema	3.490,- kr.
Kortalesari fyrir myndavélar	3.990,- kr.
Lexar 32 GB Minniskort	9.990,- kr.
Lexar 16 GB Minniskort	4.990,- kr.
Lexar 8 GB Minniskort	3.490,- kr.
Hleðslutæki fyrir Canon myndavél	9.900,- kr.
Myndavélataska	17.990,- kr.
Alls:	447.300,- kr.

Annar kostnaður:**Verð:**

Flug	32.000,- kr.
Gisting	368.000,- kr.
Samgöngur	22.170,- kr.
Miðar á keppnina	56.000,- kr.
Matur	85.000,- kr.
Alls:	563.170,- kr.

LOKAORÐ

Gleði, glaumur og glimmer er heimildamynd sem fjallar um aðdáendaheim Eurovision. Ég valdi að gera heimildamynd fram yfir aðrar miðlunarleiðir því mér fannst mikilvægt að geta sýnt frá umhverfi aðdáendanna á sjónrænan hátt. Eurovision keppnin er sjónvarpsþáttur og því fannst mér passa best við verkefnið að hafa það í formi sem hægt er að sýna frá í sjónvarpi. Það hefði þó líka verið hægt að skrifa bók um efnið eða að búa til vefsíðu sem myndi innihalda sögur, ljósmyndir og upptökur frá aðdáendum. Ég er ánægð með að hafa valið kvikmyndaformið sem miðlunarleið og tel að mynd með þessu efnisinnihaldi eigi erindi við almenning í Evrópu.

Hér í greinargerðinni hef ég gert grein fyrir fræðilegum og verklegum þáttum verkefnisins og reynt að varpa ljósi á vinnuferlið eins og það lagði sig. Þetta er búið að vera krefjandi tími og margt fór öðruvísi en ég hafði upprunalega áformað. Myndatökur fóru fram undir erfiðum aðstæðum og vildi ég óska að ég hefði haft aðstoðarmanneskju með mér til að deila álaginu, tímahrakinu og tæknireynslu. Á móti kom mér hinsvegar á óvart hversu auðvelt var að fá viðmælendur og hvað þeir tóku mér vel. Tímaleysi varð þess þó valdandi að ekki var hægt að taka viðtal við nokkra einstaklinga sem ég hefði gjarnan viljað fá að heyra í. Eftir keppnina hef ég einnig frétt af fleiri einstaklingum sem væru góðir viðmælendur. Mér finnst ég einungis hafa snert yfirborðið þegar kemur að því að grennslast dýpra inn í þennan Eurovision menningarheim. Allir sem ég talaði við tóku hugmyndinni minni fagnandi og vildu endilega sjá meira efni af þessu tagi. Eurovision er vinsælasti tónlistar- og menningarþáttur heims og þar af leiðandi eftirspurn eftir efni tengdu keppninni. Í kjölfarið er ég komin með sambönd um allan heim sem ég hefði aldrei fengið nema útaf þessu verkefni. Þetta hvetur mig til að halda áfram með verkefnið og jafnvel búa til framhald eða endurgerð af heimildamyndinni minni. Þá er aldrei að vita nema ég fái fleiri með mér í lið til að búa til efni fyrir heimsmarkað. Á þessu stigi eru þetta þó einungis draumórar en ljóst er að áhugi og markaður er fyrir slíku efni, hvort sem það kemur frá mér eða einhverjum öðrum. Aðdáendaheimurinn er skemmtilegur og áhugaverður menningarheimur sem ég er viss um að margir muni hafa ánægju af að kynnast. Í framhaldinu vonast ég til þess að RÚV taki myndina til sýningar en deildarstjóri innlendrar dagskrár hefur sýnt áhuga á henni. Hún er tilvalið dagskrárefni á milli þátta eins og Alla leið og Leiðin til Kaupmannahafnar í aðdraganda keppninnar sjálfar í maí næstkomandi.

Í heildina séð er ég sátt með lokaútgáfu myndarinnar þó svo að margt hefði mátt betur fara. Ég lít á þetta sem dýrmæta og lærdómsríka reynslu sem mun hjálpa mér í framtíðinni. Að fá

tækifæri til að vinna lokaverkefni um Eurovision er draumi líkast og er ég mjög þakklát fyrir tækifærið og alla þá aðstoð sem ég hef hlotið í tengslum við verkefnið, bæði erlendis og hér á Íslandi. Án aðstoðarinnar hefði útkoma verkefnisins aldrei heppnast jafn vel og hún gerði.

HEIMILDASKRÁ

Adams, William Lee. „About.“ *William Lee Adams*. Vefslóð: williamleeadams.com. Sótt 2. desember 2013.

Ársskýrsla Fáses 2012- 2013. Reykjavík, Nóvember 2013.

Backer, Stina (2012, 25. maí). „Melodifestivalen: Sweden's not-so-guilty Eurovision pleasure.“ *CNN*. Vefslóð: edition.cnn.com/2012/05/25/world/europe/sweden-eurovision-song-melodifestivalen. Sótt 18. nóvember 2013.

Bakker, Sietse (2008, 2. júní). „Eurovision TV Director responds to allegations on voting.“ *Eurovision News*. Vefslóð: www.eurovision.tv/page/news/belgrade-2008?id=1135. Sótt 14. október 2013.

Bakker, Sietse. „The relevance of the Eurovision Song Contest.“ *Eurovision Family*. Vefslóð: www.eurovisionfamily.tv/user/Sietse+Bakker/blog/?id=1969. Sótt 19. nóvember 2013.

Bandt.com.au (2013, 20. maí). „SBS the winner on Eurovision final night.“ Vefslóð: www.bandt.com.au. Sótt 25. nóvember 2013.

Ellý Ármanns (2013, 15. maí). „Íslenskur forfallinn Eurovisionaðdáandi í Malmö.“ *visir.is*. Vefslóð: www.visir.is/islenskur-forfallinn-eurovisionaddaandi-i-malmo/article/2013130519342. Sótt 8. nóvember 2013.

Eurovision.tv. Vefslóð: www.eurovision.tv → The Contest → Fans → Changes in the Contest. Sótt 14. október 2013.

Eurovision.tv. Vefslóð: www.eurovision.tv → History → By year → 1999.. Sótt 14. október 2013.

Eurovision.tv. Vefslóð: www.eurovision.tv → About → Host city of Malmö. Sótt 16. október 2013.

Eurovision Song Contest rules 2013. Vefslóð: www.eurovision.tv/upload/press-downloads/2013/Public_version_ESC_2013_Rules_ENG_FINAL.pdf.

Eurovision Song Contest History, The. Vefslóð: www.esc-history.com. Sótt 14. október 2013.

Eurovision 2013 Infographic (2013, júní). *Vizeum*. Vefslóð: vizeum.ie/p/eurovision-2013/eurovision-vizeum-ireland-infographic. Sótt 10. desember 2013.

Eurovision Song Contest Statistics. Vefslóð: www.escstats.com → Eurovision Song Contest 1956. Sótt 14. október 2013.

Eurovision Times, The. Vefslóð: www.eurovisiontimes.wordpress.com → History → All Eurovision Winners. Sótt 14. október 2013.

Fawkes, Helen (2008, 23. maí). „Serbia in spotlight for Eurovision.“ *BBC News*. Vefslóð: www.news.bbc.co.uk/2/hi/europe/7418045.stm. Sótt 18. nóvember 2013.

Victor Ginsburgh & Abdul Noury (2006). „The Eurovision Song Contest, Is voting political or cultural.“

Hall, Ellie (2013, 19. maí). „The 11 Most Absurd Moments of Eurovision 2013.“ *BuzzFeed*. Vefslóð: www.buzzfeed.com/ellievhall/the-most-absurd-moments-of-eurovision-2013. Sótt 5. desember 2013.

Humon (2011). „You have no secrets.“ *Scandinavia and the world*. Vefslóð: www.satwcomic.com/you-have-no-secrets. Sótt 16. nóvember 2013.

Hulluna (2013, 21. september). „Turkvision launched.“ *The Eurovision Times*. Vefslóð: eurovisiontimes.wordpress.com/2013/09/21/turkvision-launched-by-trt. Sótt 18. nóvember 2013.

Karen Fricker (2013). *Performing the "new" Europe: identities, feelings and politics in the Eurovision Song Contest*. Basingstoke, England. Palgrave Macmillan.

Loulla-Mae Eleftheriou-Smith (2013, 14. september). „Come in Baku. Have you been cheating at Eurovision Song Contest?.“ *The Independent*. Vefslóð: www.independent.co.uk/news/world/europe/come-in-baku-have-you-been-cheating-at-eurovision-song-contest-8816979.html. Sótt 18. nóvember 2013.

Malmö University. Vefslóð: forskning.mah.se/en/id/ksanon → Andreas Önnersfors. Sótt 2. desember 2013.

Margrét Björk Sigurðardóttir (2009, 16. maí). „Er vitað hve mörg prósent þjóðarinnar horfir á Eurovision?“ *Vísindavefurinn*. Vefslóð: visindavefur.is/svar.php?id=23230. Sótt 10. desember 2013.

Melzig, Ola. „Ola Melzig biography“. *Eurovision Family*. Vefslóð: www.eurovisionfamily.tv/user/Ola+M. Sótt 2. desember 2013.

Knezevic, Milana (2013, 17. maí). „Glitz and glamour can't hide Eurovision's politics.“ *Index on Censorship*. Vefslóð: www.indexoncensorship.org/2013/05/glitz-and-glamour-cant-hide-eurovision-politics. Sótt 16. október 2013.

M & M. Vefslóð: m-m-pr.com → About us. Sótt 2. desember 2013.

Nelson, Fraser (2013, 18. maí). „Why Eurovision needs to be saved from the BBC.“ *The Spectator*. Vefslóð: www.spectator.co.uk/features/8910331/my-vision-for-eurovision/. Sótt 5. desember 2013.

Fraser Nelson (2012, 25. maí). „Eurovision Song Contest is the real union of Europe.“ *The Telegraph*. Vefslóð: www.telegraph.co.uk/culture/tvandradio/eurovision/9289950/Eurovision-Song-Contest-is-the-real-union-of-Europe.html. Sótt 8. desember 2013.

News.com.au (2013, 20. maí). „Australia's got the vision, but no Eurovision.“ Vefslóð: www.news.com.au/entertainment/music/australias-got-the-vision-but-no-eurovision/story-e6frfn09-1226646323698. Sótt 28. nóvember 2013.

News of Iceland (2013, 21. maí). „New Icelandic Tweeting Record - Eurovision - #12stig.“ Vefslóð: www.newsoficeland.com/home/technology/other/item/1484-new-icelandic-tweeting-record-eurovision-12stig. Sótt 11. desember 2013.

Nichols, Bill (2010). *Introduction to documentary*. Indiana University Press, USA.

OGAE International. Vefslóð: www.ogaeinternational.com → About us. Sótt 23. nóvember 2013.

OGAE International. Vefslóð: www.ogaeinternational.com → Board. Sótt 23. nóvember 2013.

RAI International. Vefslóð: mobile.international.rai.it/notturnoitaliano/rubriche/polvere/volare.shtml. Sótt 29. nóvember 2013.

Ranta, Riku (2012, 29. maí). „Stockholm, Gothenburg and Malmö bids to host Eurovision 2013.“ *Escwebs Latest Eurovision News*. Vefslóð: escwebs.net/2012/05/29/stockholm-gothenburg-and-malmo-bids-to-host-eurovision-2013. Sótt 18. október 2013.

Siim, Jarmo. „Eurovision 2013 reaches 170 million worldwide.“ *Eurovision News*. Vefslóð: www.eurovision.tv/page/news?id=eurovision_2013_reaches_170_million_worldwide. Sótt 15. september 2013.

Singleton, Brian (2013, 16. maí). „Performing Fandom“. *Eurovision Research Network*. Vefslóð: www.eurovisionresearch.net/blog/2013/05/16/performing-fandom/. Sótt 24. nóvember 2013.

Storvik-Green, Simon (2012, 28. maí). „Loreen rocks the European charts.“ *Eurovision News*. Vefslóð: www.eurovision.tv/page/news?id=loreen_rocks_the_european_charts. Sótt 14. október 2013.

Storvik-Green, Simon (2013, 1. mars). „Hera Björk wins South American music competition.“ *Eurovision News*. Vefslóð: www.eurovision.tv/page/news?id=hera_bjoerck_wins_south_american_music_competition. Sótt 5. desember 2013.

Stöcklin, Dominic (2011, 13. maí). „Prediction: Eurovision Song Contest 2011: Social Media Buzz Report.“ *Slideshare.net*. Vefslóð: www.slideshare.net/goldbachgroup/eurovision-song-contest-11-social-media-buzz-prediction-report?from_search=1. Sótt 11. desember 2013.

Svensson, Johanna (2013, 16. maí). „Surge of interest in research on the Eurovision Song Contest“. *Mah News 2013*. Vefslóð: www.mah.se/english/News/News-2013/Surge-of-interest-in-research-on-the-Eurovision-Song-Contest. Sótt 5. desember 2013.

Thielen, David (2013, 25. júlí). „The Most Important Song Contest in the World.“ *WiwiBloggs*. Vefsíða: www.wiwibloggs.com. Sótt 28. Október 2013.

Van-Gorkum, Steef (2013, 16. janúar). „SVT to downsize the contest.“ *ESC Daily*. Vefslóð: escdaily.com/malmo-2013-svt-to-downsize-the-contest/. Sótt 18. nóvember 2013.

Youtube → ESCHeidur. Vefslóð: www.youtube.com/escheidur.

Zaroulia, Marilena (2013). „Sharing the Moment": Europe, Affect, and Utopian Performatives in the Eurovision Song Contest. *Performing the "new" Europe: identities, feelings and politics in the Eurovision Song Contest*. Basingstoke, England. Palgrave Macmillan.